VESTFIRSKIR VERKTAKAR
Háþrýstiþvottur
Kjarnaborun
Steinsögun
www.vverk.is
Sími: 456 6600

• Veitingar
• Skemmtun
• Lifandi tónlist
• Góð þjónusta
Kaffi Edinborg
www.kaffiedinborg.is

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
# BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk
Fimmtudagur 27. nóvember 2008 · 48. tbl. · 25. árg.

# Úr hnefaleika-hringnum á leiksviðið

**Sveinbjörn Hjálmarsson fluttist búferlum til Ísafjarðar með fjölskyldu sína fyrir rúmu ári. Hann er íþróttamaður af Guðs náð og mikill orkubolti. Hann hefur mestan áhuga á boxi og köfun og hyggst efla þessar íþróttagreinar hér vestra en nýlega hefur hann vakið athygli fyrir hæfni sína á leiksviðinu. Þrátt fyrir að hafa ekki búið á Ísafirði í langan tíma lumar hann á alls kyns hugmyndum um hvernig megi styrkja byggðina og auka fjölbreytni í íþrótta- og menningarlífinu. Rætt er við Sveinbjörn í miðopnu um búsetuna á Ísafirði, hugmyndir hans og drauma.**

# Óvíst hvort sjúkraflugvél hafi vetursetu á Ísafirði

„Það er ekki komin niðurstaða í þetta mál af hálfu heilbrigðisráðuneytisins. Þetta er í skoðun í ljósi þeirra efnahagsþrenginga sem herja á þjóðarbúið og kröfu um sparnað hjá heilbrigðisstofnunum," segir Helgi Már Arthúrsson, upplýsingafulltrúi ráðuneytisins, aðspurður um afstöðu ráðuneytisins til vetursetu sjúkraflugvélar á Ísafirði.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur hafa ítrekað fyrri afstöðu sveitarfélaganna þess efnis að sjúkraflugvél verði áfram staðsett á Ísafjarðarflugvelli yfir vetrartímann. Kemur fram í bókun bæjarráðs Ísafjarðarbæjar að þar sem enn hafi ekki verið settur upp búnaður til næturflugs á Þingeyrarflugvelli, sem er forsenda fyrir fullnægjandi öryggi í sjúkraflugi, þurfi sjúkraflugvél að vera staðsett á Ísafirði yfir vetrartímann.

Bæjarráð Bolungarvíkur telur að aðstæður geti komið upp þar sem ekki er hægt að lenda á Ísafjarðarflugvelli en yfirleitt mun vera mögulegt að fljúga þaðan og því vill ráðið sjúkraflugvél á Ísafjarðarflugvelli yfir vetrartímann. Halldór Halldórsson sagði í samtali við Bæjarins besta fyrr í mánuðinum vera hræddur um að tilvik gæti komið upp þar sem ekki er hægt að lenda á Ísafjarðarflugvelli. „Ef bara eitt tilvik kæmi upp sem Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði myndi ekki ráða við sökum skorts á tækjabúnaði eða einhverju slíku og ekki yrði fært með sjúkraflugvél til Ísafjarðar, yrði það einu tilviki of mikið," sagði Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar í samtali við blaðið.

*– birgir@bb.is*

**Aðstæður geta komið upp þar sem ekki er hægt að lenda á Ísafjarðarflugvelli en yfirleitt mun vera mögulegt að fljúga þaðan.**

Munið!
Jólakort Sigurvonar
Kortin fást hjá Húsasmiðjunni, Blómabúðinni, Birki ehf., Hafnarbúðinni, Office 1 og hjá Samkaup í Bolungarvík, hjá Víkurbúðinni í Súðavík og hjá N1 á Suðureyri, Flateyri og á Þingeyri. Einnig er hægt að panta jólakortin í símum 456 5650 og 897 5502

# Óljóst hvort lífeyrir skerðist

„Við vitum ekki enn hvað við fáum út úr skuldabréfum sem við áttum í bönkunum því lítið hefur gerst í uppgjöri bankanna eftir að þeir komust í þrot. Við vitum þó að hlutabréfin sem við áttum í þeim eru glötuð," segir Guðrún K. Guðmannsdóttir, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Vestfirðinga. Algjör óvissa ríkir um hvort skerðing verði á lífeyri einstaklinga í Lífeyrisjóði Vestfirðinga að sögn Guðrúnar.

„Það verður ekki ljóst fyrr en eftir áramót þegar búið verður að gera upp árið. Fjármálaeftirlitið er búið að óska eftir að úttekt á öllum lífeyrissjóðum liggi fyrir í janúar og þá verður það væntanlega ljóst hvernig sjóðirnir koma út úr þessu," segir Guðrún.

Fulltrúar frá Íslenskum verðbréfum, sem sjá um eignastýringu Lífeyrissjóðs Vestfirðinga, voru væntanlegir til Ísafjarðar í gær til fundar með stjórn sjóðsins. *– birgir@bb.is*

## Íbúðar- og atvinnuhúsnæði kortlögð

Hafin er vinna við að kortleggja íbúðarhúsnæði sem eru mögulega til leigu eða sölu í Bolungarvík. Er það gert til að hafa svör við fyrirspurnum frá fólki sem áhuga hefur á að flytja búferlum til sveitarfélagsins. Minnihluti bæjarstjórnar Bolungarvíkur lagði til á síðasta fundi bæjarstjórnar að félagsmálastjóra Bolungarvíkur yrði falið í samstarfi við starfsmenn áhaldahússins að kortleggja það iðnaðar- og atvinnuhúsnæði sem laust er í bænum sem og íbúðarhúsnæði. Upplýsingar um húsnæðin eiga síðan að liggja fyrir á bæjarskrifstofu Bolungarvíkur sem og hjá Vinnumálstofnun. Meirihlutinn í bæjarstjórn benti á að vinna sé þegar hafin á skráningu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis í bæjarfélaginu.

## Bragi tvöfaldur Íslandsmeistari

Ísfirðingurinn Bragi Þorsteinsson og fyrrum sundmaður úr Vestra varð tvöfaldur Íslandsmeistari á Íslandsmeistaramótinu í 25 metra laug sem fór fram í Laugardalslauginni um helgina. Hlaut hann gullverðlaun í 50m flugi og skriði. Tæplega 200 manns frá þrettán félögum tóku þátt í mótinu. Bragi vakti snemma athygli sem einn af efnilegustu sundköppum Vestra á Ísafirði en hann fluttist burt til að geta náð enn betri árangri í íþróttinni.

# Áætlaður kostnaður við snjóflóðavarnargarð við Kubba 810 milljónir króna

Heildarkostnaður við fyrirhugaðar snjóflóðavarnir ofan Holtahverfis á Ísafirði er áætlaður 810 milljónir króna miðað við verðlag í febrúar 2008. Ráðgert er að hefja framkvæmdir við varnirnar árið 2009 og að þær muni standa yfir í 3-4 ár. Jarðvinnu við þvergarð ætti þó að geta verið lokið á einu ári. Framkvæmdirnar munu ekki hafa áhrif á íbúafjölda Holtahverfis, verði hins vegar ekki af byggingu snjóflóðavarna og þess í stað farið í að kaupa upp hús á hættusvæðum, mun íbúum fækka að því er fram kemur í frummatsskýrslu sem gefin hefur verið út. Atvinna mun aukast tímabundið meðan á uppbyggingu varnanna stendur. Ísafjarðarbær hefur nú auglýst eftir athugasemdum við væntanlegar framkvæmdir við snjóflóðavarnir ofan Holtahverfis á Ísafirði.

„Rýmingar hafa ekki verið algengar í Holtahverfi og íbúar gert lítið úr snjóflóðahættu. Hættan er engu að síður til staðar við vissar aðstæður, með þeirri óvissu og óttа sem því fylgir. Skoðanir manna hafa ávallt verið skiptar, þegar snjóflóðavarnir hafa verið í undirbúningi. Eftir að uppbyggingu þeirra er lokið og einkum eftir að á þær hefur reynt hefur viðhorf til þeirra verið jákvæðara og íbúar talið sig búa við meira öryggi en áður“, segir í skýrslunni. Snjóflóðavarnir við Holtahverfi gætu haft áhrif á verðgildi íbúða næst varnargarðinum meðan á framkvæmdum stendur. Ólíklegt er að framkvæmdirnar valdi varanlegri verðlækkun.

Íbúar þeirra húsa sem næst framkvæmdasvæðinu standa munu verða fyrir töluverðu ónæði vegna hávaða og rykmengunar frá vinnuvélum. Hávaði og ryk mun einnig berast frá borunum og sprengingum á skeringarsvæði, lítill hávaði mun berast að íbúðabyggð vegna uppsetningar á stoðvirkjum. Vinnusvæðið verður allt afmarkað, vinnusvæði næst byggðinni verður girt af.

Dregið verður úr óþægindum eins og kostur er, meðan unnið er að gerð snjóflóðavarnanna með nánu samstarfi verkkaupa, verktaka og íbúa. Framkvæmdirnar munu hafa veruleg áhrif á notkun svæðisins til útivistar meðan á þeim stendur og leiksvæði og gönguleiðir innan afmarkaðs framkvæmdasvæðis verða lokaðar. Tillögur landslagsarkitekta miða að því að skapa gott útivistarsvæði við varnargarðinn og í næsta nágrenni. Gera má ráð fyrir að bætt aðgengi að svæðinu og lagning göngustíga stuðli að aukinni nýtingu svæðisins til útivistar eins og raunin hefur verið með leiðigarðinn við Seljaland.

Helstu þættir framkvæmdarinnar sem valda neikvæðum umhverfisáhrifum eru sjónræns eðlis. Breytt ásýnd landslags og raskað landsvæði, sem þó hefur að hluta verið raskað áður. Til mótvægis þessu verður umhverfi varnargarðs skipulagt sem útivistar og leiksvæði og grætt upp með gróðri og trjám. Jákvæðu þættirnir við framkvæmdina er að hætta af snjóflóðum verður innan ásættanlegra marka og mun því öryggistilfinning íbúa í Holtahverfi gagnvart snjóflóðum aukast.



**Útlit þvergarðs (tölvuteiknað) ofan fjölbýlishúsa við Stórholt í Holtahverfi. Úr frumathugun VST hf., apríl 2005.**

Tillaga að framkvæmdinni og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum liggur frammi til kynningar til 9. janúar 2009 á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar og á Bæjar- og héraðsbókasafninu á Ísafirði, í Þjóðarbókhlöðunni í Reykjavík og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er einnig aðgengileg á heimasíðu Ísafjarðarbæjar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast til Skipulagsstofnunar eigi síðar en 9. janúar.

*– thelma@bb.is*

## Nýr verslunarstjóri hjá Samkaup á Ísafirði

Hákon Hermannsson hefur tekið við sem verslunarstjóri Samkaupa á Ísafirði af Kristjáni Þór Kristjánssyni. Dómhildur Árnadóttir, starfsmannastjóri Samkaupa, segir mikla ánægju ríkja með ráðningu Hákons en þó nokkrir sóttu um stöðuna. „Það sýndu margir einstaklingar mikinn áhuga á starfinu og margir þeirra vildu ólmir komast vestur. Hákon þótti hæfastur af þeim en við kröfðumst ákveðnar rekstrarkunnáttu og hæfni í mannlegum samskiptum. Hákon er frá Ísafirði og þekkir mun meira til en mig grunaði og þykir okkur í Samkaup frábært að taka þátt í því að flytja hann vestur með sína fjölskyldu,“ segir Dómhildur.

Staða Samkaupa á Ísafirði er mjög góð að sögn Dómhildar. „Við ræddum stöðu fyrirtækisins við starfsfólk okkar á Ísafirði enda margi órólegir vegna ástandsins sem ríkir í þjóðfélaginu. Við sögðum þeim að þeir þyrftu ekki að hafa áhyggjur af Samkaup því það væri vel rekið fyrirtæki sem stendur vel,“ segir Dómhildur. *– birgir@bb.is*

**Dómhildur Árnadóttir, starfsmannastjóri Samkaupa, Hákon Hermannsson, nýráðinn verslunarstjóri, Guðrún Jóhannsdóttir, aðstoðarverslunarstjóri og Gunnar Egill Sigurðsson, rekstrarstjóri Samkaupa.**

Innilegar þakkir færum við öllum sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og úrför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

**Malfríðar Halldorsdottur**

**Hlíðarvegi 32, Isafirði**

sem lést 8. nóvember sl. Sérstakar þakkir sendum við öllum þeim sem önnuðust hana í veikindum hennar.

Arnór Stígsson

Stígur Arnórsson Björk Helgadóttir

Svanfríður Arnórsdóttir

Elfa Dís Arnórsdóttir Júlíus Einar Halldórsson

og fjölskyldur þeirra

# Lagt til að álagningarhlutfall útsvars verði nýtt að fullu

Bæjarráð Bolungarvíkur hefur lagt til að álagningarhlutfall útsvars árið 2009 verði nýtt að fullu og verði 13,03%. Eins og fram hefur komið sömdu bæjaryfirvöld við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga í síðasta mánuði og skulu fjárhagsáætlanir fyrir árin vera unnar í samræmi við markmið samningsins. Markmið samningsins er að stöðva hallarekstur og skuldasöfnun, bæta eiginfjárstöðu og styrkja rekstrargrundvöll sveitarfélagsins til framtíðar með endurskipulagningu í fjármálum og eignastýringu, niðurgreiðslu skulda og aðhaldi og hagræðingaraðgerðum í rekstri sveitarsjóðs.

Eftirlitsnefndin mun fylgjast með rekstrarlegum árangri bæjarsjóðs og kanna hvort markmið samningsins nái fram að ganga, m.a. með því að fá ársfjórðungslegar upplýsingar um rekstur bæjarsjóðs til samanburðar við fjárhagsáætlun sama tímabils. Samningurinn gildir til 30. júní 2010. *– thelma@bb.is*

## Sala á beitu hafin í Bolungarvík

Jakob Ragnarsson hefur hafið sölu á beitu í húsnæði sínu við Árbæjarkant í Bolungarvík. Beitan kemur frá fyrirtækinu Voot á Suðurnesjum en uppistaðan er saury sem er hæfilega feitur og lystaukandi og smokkfiskur en báðar þessar fisktegundir eru veiddar í Kyrrahafi. Nú þegar eru sjómenn farnir að nota beituna til veiða og þykir hún vera einkar bragðgóð og ljúffeng fyrir ýsu og þorsk. Jakob segist ekki vera að selja beituna heldur sjá hann alfarið um afgreiðslu á henni í Bolungarvík fyrir Voot. „Þetta er einstaklega feit og matmikil beita og ég óskaði sérstaklega eftir því frá Voot og sagði þeim að þeir gætu sleppt því að senda lélega beitu vestur því við beitum engri drullu fyrir vestan," segir Jakob.

## Stálgrind lyftuhúss fest í sessi

Stálgrind fyrir nýtt lyftuhús við Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði var fest við húsið í síðustu viku. Verkið tók um tvær klukkustundir og er næsta verk að klæða grindina sem og almennur frjágangur utanhúss. „Áætluð verklok eru í apríl á næsta ári en við ætlum að klára alla útibyggingu við húsið fyrir áramót. Við reynum að geyma alla innanhúsvinnu þar til eftir áramótin," segir Hermann Þorsteinsson, einn eigenda Vestfirskra verktaka sem sér um verkið.

# Rekstrarkostnaður á hvern grunnskólanema hækkaði um 28% á þremur árum

Rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum Vestfjarða árið 2007 var 1.028 þúsund krónur. Hefur því kostnaðurinn hækkað um 222 þúsund kr. frá árinu 2004 eða 28%. Þetta kemur fram í skólaskýrslu sem Samband íslenskra félaga hefur gefið út. Þar er greint frá því að rekstrarútgjöld vestfirskra sveitarfélaga vegna grunnskóla nam 32% af skatttekjum þeirra árið 2007 sem er þremur hlutfallsstigum lægra en sama hlutfall árið 2006. Kostnaður á hvern nemanda hækkar í öllum landshlutum á tímabilinu. Mest hækkar hann á Norðurlandi vestra eða um 259 þúsund kr. á hvern nemanda.

Hlutfallslega eykst kostnaður mest á hvern nemanda á höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur eða um 32%. Árið 2007 er rekstrarkostnaður á hvern nemanda hæstur á Norðurlandi vestra en lægstur á Suðurnesjum. Rekstrarkostnaður á hvern nemanda árið 2007 á landsvísu er 989 þúsund krónur og hefur hækkað um 186 þús. kr. eða 23% miðað við árið 2004.

*– thelma@bb.is*

Guðfinna Hreiðarsdóttir var meðal þeirra rithöfunda sem lásu upp úr verkum sínum.

# Húsfyllir á Opinni bók

Húsfyllir var á bókmenntavökunni Opin bók sem haldin var í Edinborgarhúsinu á laugardag. „Það hafa verið á bilinu 110-120 manns á kynningunni og þetta var mjög skemmtilegt", segir Jón Sigurpálsson skipuleggjandi bókmenntavökunnar. Opin bók er orðin að föstum viðburði á Ísafirði fyrir jólin en þá koma höfundar með nýútgefnar bækur sínar úr jólabókaflóðinu og lesa fyrir gesti.

Í ár heiðruðu fjórir rithöfundar og ein sögupersónuna samkomuna með nærveru sinni. Leikarinn Hjálmar Hjálmarsson las upp úr bók Árna Þórarinssonar, „Sjöundi sonurinn" í gervi aðalpersónu hennar. Guðmundur Andri Thorsson las upp úr bók sinni úr bók sinni „Segðu mömmu að mér líði vel". Óskar Árni Óskarsson kynnti bók sína „Skuggamyndir - úr ferðalagi".

Tveir vestfirskir höfundar lásu upp úr nýútkomnum bókum sínum. Guðfinna M. Hreiðarsdóttir flutti erindi um skáldkonuna Hallfríði Eyjólfsdóttur frá Laugarbóli, og las upp úr nýútkominni bók sinni „Svanurinn minn syngur". Og Finnbogi Hermannsson rifjaði upp bernskuminningar í bók sem hann nefnir „Í húsi afa míns."

*– thelma@bb.is*

# Vestfirðingar gætu hagnast á olíu við A-Grænland

Vestfirðingar eru farnir að huga að því hvaða tækifæri olíuleit við Austur-Grænland gæti gefið byggðarlögum á Vestfjörðum. Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Halldór Halldórsson, fór í föruneyti utanríkisráðherra í opinbera heimsókn til Grænlands síðastliðið sumar, til að kynna sér málin. Halldór segir Vestfirðinga sjá þarna mikil tækifæri, sem þeir ætli að nýta, og bendir á að hafnir við austurströnd Grænlands séu lokaðar vegna hafíss stóran hluta ársins. Olíuleit þar kalli á mikla þjónustu sem hentugt verði að veita frá Íslandi. Halldór segir hugsanleg olíuhreinsistöð á Vestfjörðum auka enn á möguleika fjórðungsins gagnvart olíulindum við Austur-Grænland.

Olíu- og gaslindir við Austur-Grænland eru taldar tvöfalt meiri en á Drekasvæðinu. Sérfræðingar norska olíufélagsins Sagex birtu fyrir tveimur mánuðum mat á stærð olíu- og gaslinda í norðanverðu Atlantshafi og töldu að á Drekasvæðinu gætu leynst tuttugu milljarðar tunna af olíu og gasi, álíka mikið og í Noregshafi. Þeir telja hins vegar að tvöfalt meira sé við Austur-Grænland. Á báðum þessum svæðum er að fara í gang leit og hugsanleg vinnsla sem gæti kallað á vaxandi starfsemi í landi á næstu árum og áratugum. Sveitarfélögin Vopnafjörður og Langanesbyggð eru einnig byrjuð að undirbúa uppbyggingu þjónustumiðstöðvar á Norðausturlandi vegna olíuleitar á Drekasvæðinu.

*– birgir@bb.is*

Grunnskólinn á Ísafirði er stærsti skólinn á Vestfjörðum.

## Þróa búnað til að vinna marning

3X Technology á Ísafirði hefur á þessu ári fengið styrk úr AVS sjóðnum til þróunar á nýjum búnaði sem vinnur marning úr aukaafurðum. Megin áhersla er lögð á að ná fiskholdi af hryggjum án þess að marningurinn mengist blóði, að því er fram kemur á heimasíðu AVS. Verkefnið er unnið í samstarfi við Matís ohf. og Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. og er markmið verkefnisins að vinna marning úr aukaafurðum svo sem hryggjum og öðrum afskurði sem til fellur við bolfiskvinnslu. Hannaður verður vélbúnaður sem tekur mið af því að hámarka bæði gæði og nýtingu hráefnisins.

Náðst hefur að framleiða ljósan marning með staðlað vatnsinnihald með því að þvo marninginn í sérhannaðri þvottatromlu og til þess að minnka vatnsinnihaldið þá er marningurinn keyrður í gegnum marningspressu þar sem umfram vatnsmagn er pressað úr marningnum. Verkefninu lýkur á næsta ári.

*– birgir@bb.is*

## Ók í tvígang undir áhrifum fíkniefna

Karlmaður var sakfelldur á dögunum í Héraðsdómi Vestfjarða fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna, ölvunarakstur, eignaspjöll og brot gegn náttúruverndarlögum. Ákærði var dæmdur til greiðslu sektar og hann jafnframt sviptur ökurétti. Honum var gert að sök að hafa ekið undir áhrifum kannabis í janúar og aftur í júní gerðist hann sekur um að hafa ekið undir áhrifum fíkniefna auk áfengis og að þessu sinni utan vegar og innan um fólk í Skálavík og valdið þannig hættu og eignarspjöllum á girðingu.

Manninum var gert að greiða 160.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi tólf daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins. Hann var sviptur ökurétti í sex mánuði og þarf að borga 209. 917 krónur í sakarkostnað. Ennfremur var honum gert að borga 43.344 krónur í skaðabætur vegna girðingarinnar.

*– thelma@bb.is*

Vinkonurnar Torfhildur Torfadóttir og Herdís Albertsdóttir. Samanlagður aldur þeirra er 204 ár.

# Fjölmenni fagnaði Herdísi

Fjölmenni fagnaði með Herdísi Albertsdóttur á miðvikudag í síðustu viku er hún hélt upp á 100 ára afmæli sitt. Herdísi, eða Dísu Alberts eins og hún er þekkt í daglegu tali, voru færðar margar góðar gjafir. Halldór Halldórsson bæjarstjóri færði henni blómvönd fyrir hönd sveitarfélagsins og sagði Dísa það vera fyrstu gjöfina á allri hennar tíð sem hún þægi frá bænum. Þá voru henni afhent gullmerki frá HSÍ og Íþróttafélaginu Herði á Ísafirði. Eins og flestir sem þekkja til Dísu vita, er ákafari stuðningsmann íslenska landsliðsins í handbolta varla hægt að finna, og fékk hún því innrammaða áritaða treyju í afmælisgjöf frá landsliðinu.

Þá færði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra henni treyju frá eiginmanni sínum, stórskyttunni Kristjáni Arasyni, sem hann hefur keppt í. Gat þó menntamálaráðherra ekki ábyrgst að af henni væri engin lykt þar sem vel hefur verið tekið á í henni. Afmælisbarnið var þó engu að síður mjög lukkulegt með gjöfina þar sem Kristján var hennar uppáhalds leikmaður í landsliðinu.

Herdís hefur alla tíð búið í húsi sínu við Sundstræti eða þar til í sumar er hún fór á öldrunardeild Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði. Afmælisbarnið er stálhraust og ber sig vel að sögn dótturdóttur sinnar, Kristjönu Sigurðardóttur. Þess má geta að í afmælinu var mætt vinkona hennar af Bökkunum, Torfhildur Torfadóttir, sem er elsti núlifandi Vestfirðingurinn, 104 ára. En þær stöllur eru nú elstu Ísfirðingarnir.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra færði Herdísi notaða treyju af eiginmanni sínum Kristjáni Arasyni sem var uppáhaldsdrengur Herdísar í landsliðinu.

Háskólasetur Vestfjarða
University Centre of the Westfjords

Í samstarfi við:

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

# Frumgreinanám við Háskólasetur Vestfjarða

**Tökum við umsóknum fyrir nám á vorönn 2009**

**Langar þig í háskólanám en hefur ekki lokið stúdentsprófi?
Hefur þú verið í mörg ár á vinnumarkaðnum og langar að breyta til?**

**Háskólasetur Vestfjarða býður upp á frumgreinanám í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Boðið er bæði upp á staðarnám og fjarnám. Öll kennsla fer fram við Háskólasetur Vestfjarða. Fjarnemendur stunda nám sitt í gegnum Netið og geta því sinnt náminu hvar sem er. Fyrsta önn námsins er öll í boði í fjarnámi og hluti af annarri önninni. Nám á þriðju önn er einungis í boði í staðarnámi.**

**Lengd námsins fer eftir undirbúningi nemenda. Fullt nám tekur fjórar annir, þrjár annir eru lánshæfar hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.
Nemendur sem ljúka frumgreinanámi brautskrást með frumgreinapróf sem veitir réttindi til náms í tækni- og verkfræðideild HR.
Námið er hins vegar góður alhliða undirbúningur að háskólanámi.**

**Hafðu samband og kynntu þér málið nánar:
marthalilja@hsvest.is – www.hsvest.is**

**Umsóknafrestur: 10. desember 2008**

## Sex starfa við Snjóflóðasetrið á Ísafirði

Sjötti starfsmaður Snjóflóðaseturs Veðurstofu Íslands á Ísafirði tók nýverið til starfa við setrið sem flutti í nýtt aðsetur í Vestrahúsinu á þriðjudag. Árni Snorrason, nýráðinn veðurstofustjóri, segir umsvif Snjóflóðasetursins eiga eftir að aukast í framtíðinni. Mikil ánægja ríkir meðal starfsfólksins með nýju aðstöðuna því farið var að þrengja að starfsmönnum í gamla húsnæðinu sem þótti plásslítið að sögn Hörpu Grímsdóttur, forstöðumanns Snjóflóðasetursins. Harpa segir Vestfirði henta einstaklega vel fyrir þær snjóflóðarannsóknir sem setrið stundar.

## Deiliskipulag fyrir Geirmundarstaði auglýst

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt tillögu að deiliskipulagi fyrir Geirmundarstaði í Fljótavík í Hornstrandafriðlandinu. Deiliskipulagstillagan tekur til jarðarinnar Geirmundarstaði sem er 10 ha. að stærð og er úr landi Atlastaða í Fljótavík. Jörðin afmarkast af Bæjará til suðausturs, Sjávargötu til suðvesturs, Skriðum til norðvesturs og Dalbrekkum til norðausturs. Landið liggur í 5-55 m hæð yfir sjávarmáli. Á jörðinni eru nú þegar tvö frístundahús Brekka og Skjaldabreiða. Deiliskipulagið tekur til frístundabyggðar á jörðinni. Þar eru skilgreindar fjórar lóðir sem jafnframt eru byggingareitir fyrir sumarhús.

Ritstjórnargrein

# Aðventa

Nú þegar aðventan gengur í garð þarf íslenska þjóðin frekar en nokkru sinni fyrr, á hverjum og einum þegni sínum að halda. Það má engan vanta í hjörðina, svo hugsað sé til viðhorfs Fjalla-Bensa, möndulsins í Aðventu Gunnars Gunnarssonar, sem á sjálfan aðventusunnudaginn lagði leið sína inn á öræfin, ásamt hundinum Leó og forystusauðnum Eitli, til að sækja „eftirlegukindur, sem leitarmönnum hafði sézt yfir í síðustu göngu og nú ráfuðu milli snapanna í reiðuleysi. Þær skyldu ógjarna krókna eða horfalla á heiðum uppi af þeirri ástæðu að enginn nennti eða treysti sér til að leita þeirra og bjarga þeim til byggða.“ Aðventuganga Benedikts var nokkuð, sem „fyllti friði og velþóknun hugi þeirra manna sem hafa ekki legið á liði sínu en lagt sig alla fram.“ „Því hvað var líf hans, rétt á litið, hvað var líf mannsins á jörðinni ef ekki ófullkomin þjónusta sem helgaðist af bið eftir einhverju betra, eftirvænting, undirbúningi – þeirri ákvörðun að láta gott af sér leiða.“

Þótt jólaljósin ljómi líkt og undanfarin ár hefur margt breyst frá því er við síðast nýttum aðventuna til undirbúnings komu jólanna. Samfélagið er ekki hið sama. Hvert sem litið er blasa við aðrar og dekkri myndir, skuggar sem við höfum lítt þurft að varast, flest hver, þótt alltaf hafi þurft að huga að þeim sem ekki náðu í hús, ef svo má orða, líkt og var með skjólstæðinga Fjalla-Bensa.

Í síðustu leit sinni að flökkukindum eyddi Benedikt, „hálfgildings húsmaður“, allri aðventunni, og jólunum betur, inni á fjallaslóðum, „þar sem um þetta leyti árs var ekki annað kvikt á ferli en harðgerðir ránfuglar, refir og einstöku eftirlegukindur“, í baráttu við óblíð náttúruöfl, borinn uppi af þeirri vissu að sérhver einstaklingur, maður eða skepna, skipti máli. Og breytti ei neinu þótt enga vantaði af fáum kindum í eigin eigu.

Boðskapurinn í Aðventu Gunnars Gunnarssonar er lærdómsríkur. Og verður enn áhrifameiri í ljósi þess að þótt sagan sé skáldskapur hafðist fyrirmyndin að Fjalla-Bensa við í mannheimum fram til ársins 1946, er hann lést sjötugur að aldri, lengst af vinnumaður í Mývatnssveit, „í einu og öllu eitthvað hálfgildins.“ Maður, sem var öðrum ráðgáta fyrir „að leggja jafnvel líftóruna í sölurnar til þess eins að bjarga fáeinum flökkurollum“ sem orðið höfðu eftir á fjalli.

Aðventa, orð sem Benedikt tók sér „í munn af stakri varfærni, þetta mikla hljóðláta orð, furðulega annarlegt og þó um leið innfjálgt, sennilega það orð er snart hann dýpra en öll önnur. Hverju það bjó yfir var honum að vísu alls ekki ljóst, nema að það fól í sér að einhvers væri vant en eftirvænting á næsta leiti, undirbúningur einhvers betra“ – „þeirri ákvörðun að láta gott af sér leiða.“

*s.h.*

*(Tilv.:Aðventa GG)*

Á þessum degi fyrir 20 árum

# Staðan í húsnæðismálum þjóðarinnar

Sveitarstjórnarmenn fengu óvænta ádrepu á nýafstöðnu Alþýðusambandsþingi. Fyrir þingið var lögð tillaga, þar sem lýst var yfir nauðsyn þess að efla félagslega húsnæðiskerfið í landinu. Þar var tekið afdráttarlaust fram, að ekki væri unnt að sætta sig við það, að „láglaunafólk skyldi þurfa að eiga það undir pólitískum vilja sveitarstjórnarmanna á hverjum stað, hvort byggðir yrðu verkamannabústaðir. Lagalegur réttur láglaunafólks til lána úr Byggingarsjóði verkamanna er ótvíræður“, segir í tillögunni. „Það samrýmist ekki sjónarmiðum ASÍ, að sveitarstjórnarmenn ráði því, hvort launamenn geti sótt sér þennan rétt.“

Húsnæðismálin voru þó ekki mál málanna á þessu ASÍ-þingi. Björn Þorhallsson, fráfarandi varaforseti, gerðu þau að umtalsefni í ræðu sinni. Hann lét í ljós miklar efasemdir gagnvart svonefndu húsbréfum. Kvaðst hann álíta, að þau ættu eftir að hafa aukna fjárhagsbyrði í för með sér fyrir íbúðakaupendur. Mikið framboð yrði á húsbréfum á markaðnum og það hlyti að leiða til verulegra affalla í verði þeirra.

# Brýnt að geta sinnt grunnþjónustunni sem allra best

Margrét Geirsdóttir, forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofunnar í Ísafjarðarbæ, segir það vera sína upplifun að félagsþjónusta hafi farið stöðugt vaxandi í sveitarfélaginu. Í bréfi til bæjaryfirvalda segir Margrét, sem unnið hefur hjá Skóla- og fjölskylduskrifstofu síðan í júlí 2000, að fólk sé orðið meðvitaðra um félagslegan rétt sinn með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og fleiri laga sem að málaflokknum snúa.

„Engin leið er til þess að spá fyrir um það á þessum tímapunkti hvernig þessi þjónusta mun þróast í framtíðinni en enn um sinn má búast við aukinni þjónustu að mati undirritaðrar“, segir í bréfi Margrétar þar sem hún óskar eftir ráðningu félagsráðgjafa á Skóla- og fjölskylduskrifstofu til frambúðar, en frá haustinu 2007 hafa starfað að hluta tveir félagsráðgjafar á skrifstofunni, þar af annar lausráðinn.

„Nú fara í hönd viðsjárverðir tímar og brýnt að geta sinnt grunnþjónustu sem allra best. Starfsfólk Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar hefur fundið fyrir auknu álagi undanfarið vegna stöðunnar í fjármálalífinu og hefur verið í fararbroddi í vinnu með öðrum stuðningskerfum sveitarfélagsins til þess að vera sem best búið undir þá niðursveiflu sem búast má við á næstunni“, segir í bréfi Margrétar.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur veitt heimild til tímabundinnar ráðningar félagsráðgjafa út febrúar en ákvörðunin verður endurskoðuð um komandi áramót.

*– thelma@bb.is*

**Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar nær ekki endum saman og óskar eftir hærri styrk frá Ísafjarðarbæ.**

# LRÓ nær ekki endum saman

Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar hefur sótt um hækkun á styrk frá Ísafjarðarbæ vegna tónlistarkennslu við skólann á árinu 2009. „Tónlistarkennslan hjá LRÓ er tæplega þrjú stöðugildi. Styrkurinn sem við fáum nú er kr. 459.417 eða 5.513.000 (fyrir árið 2008 innskot blaðamanns) sem er rúmlega eitt stöðugildi. Við vonum að skólinn njóti sömu hækkana og aðrir sambærilegir skólar í Ísafjarðarbæ“, segir í erindi LRÓ til bæjarráðs. Þar kemur fram að skólinn sæki um styrk til menntamálaráðuneytisins og fjárlaganefndar vegna danskennslunnar og annarrar listkennslu. „Við höfum fengið af fjárlögum 2,5 milljónir og úr ráðuneytinu 2 milljónir. Enn hafa engin svör borist. Eins og staðan er í dag ná endar ekki saman þrátt fyrir mikla aðhaldssemi.“, segir í bréfi LRÓ.

Listaskólinn fagnar 15 ára afmæli í ár en hann var stofnaður á 119. fæðingarafmæli Rögnvaldar Ólafssonar, arkitekts, 5. desember 1993. Rögnvaldur teiknaði m.a. Edinborgarhúsið sem hefur verið helsta aðsetur listaskólans. Nafngift skólans er ætlað að tengja starfsemi hans við íslenska og ísfirska menningarsögu. Rögnvaldur er fyrsti Íslendingurinn sem lagði stund á byggingarlist og jafnan nefndur „fyrsti íslenski arkitektinn“. „Starf skólans er í miklum blóma. Við finnum fyrir áhuga og ánægju með þá möguleika sem fólk hér á svæðinu hefur til að mennta sig og börn sín í hinum ýmsu listgreinum“, segir í bréfi LRÓ til bæjarráðs.

Fjölbreytt námskeiðahald hefur verið hjá skólanum frá upphafi, m.a. hefur hann sinnt kennslu í myndlist, tónlist, dansi, og leiklist svo fátt eitt sé nefnt. Þótt kjarninn í námskeiðunum í Listaskóla Rögnvaldar sé nokkuð stöðugur frá ári til árs þá er sífellt eitthvað nýtt á hverju ári.

Bæjarráð tók erindið fyrir og vísaði því til vinnslu við fjárhagsáætlun ársins 2009.

**Útgefandi:** H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564
**Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is* · *Birgir Olgeirsson, símar 456 4560 og 867 7802, birgir@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. ·
**Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

## Aðalskipulagstillaga til hagsmunaaðila

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að senda tillögu að aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið árin 2008 - 2020 til umsagnar hagsmunaaðila samkvæmt þar til gerðum reglugerðum. Þá hefur bæjarstjórn einnig samþykkt að almennir fundir með íbúum sveitarfélagsins verði haldnir á Ísafirði, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri í tengslum við kynningu á tillögunni. Samkvæmt lögum eiga öll sveitarfélög að vera búin að skila inn aðalskipulagi fyrir lok árs.

## Styrkir Sigurvon með myndum sínum

Krabbameinsfélagið Sigurvon hefur gefið út jólakort með myndum eftir listamanninn Ómar Smára Kristinsson. Um er að ræða þrjár myndir, ein þeirra er ný en tvær prýddu einnig kort félagsins í fyrra. Ómar Smári hefur haldið sýningar víða auk þess sem dagatöl sem hann gaf út með myndum af húsum á Ísafirði hefur vakið mikla athygli ásamt söguskiltum á söguslóðum Gísla sögu Súrssonar sem hann vann með listakonunni Ninu Ivanovu. Hefur hann gefið Sigurvon leyfi til að nota myndirnar að kostnaðarlausu. Kortin eru til sölu víða á Vestfjörðum og má yfirleitt nálgast þau á sömu stöðum og minningarkort félagsins eru seld.

# Háskólasetrið hlaut frumkvöðlaverðlaunin

Háskólasetur Vestfjarða hlaut Virðisaukann, frumkvöðlaverðlaun Ísafjarðarbæjar, sem afhent voru við hátíðlega athöfn í síðustu viku. Það var Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar sem afhenti Peter Weiss verðlaunin og sagði við það tæki færi að það væri hverju okkar nauðsynlegt að fá klapp á bakið og hrós fyrir vel unnin verk, hvort heldur væri í leik eða starfi. „Að sama skapi er það nauðsynlegt fyrir bæjarfélag á borð við Ísafjarðarbæ að vera vakandi fyrir því sem er vel gert í samfélagi okkar og láta viðurkenningu í ljósi þegar við á. Í viðleitni við að hrósa eða hvetja hafa bæjaryfirvöld á liðnum árum veitt viðurkenningar á ýmsum sviðum og má þar nefna bæjarlistamenn og heiðursborgara, fallegt hús og snyrtilegt umhverfi og síðast en ekki síst verðlaun fyrir framlag til atvinnuuppbyggingar í Ísafjarðarbæ. Verðlaunin bera nafnið Virðisaukinn og er það til marks um þann hug sem bæjaryfirvöld bera til þeirra fyrirtækja og stofnanna sem viðurkenninguna hljóta. Verðlaunahafarnir eru sannkallaðir virðisaukar fyrir bæjarfélagið," sagði Birna.

Þetta er í sjötta skiptið sem Ísafjarðarbær veitir slík verðlaun en á undan hafa farið Hraðfrystihúsið Gunnvör, 3X Technology, Sveinbjörn Jónsson, Glitnir hf., og Klofningur ehf., fengið verðlaunin. Í rökstuðningi atvinnumálanefndar Ísafjarðarbæjar fyrir valinu segir: „Verðlaunin eru ætluð sem hvatning handa þeim sem sýna frumkvæði í málum er varða bæjarfélagið og samborgara. Við veitingu er tekið tillit til framlags við aukningar á atvinnu eða menntun, til meiri fjölbreytni í atvinnu, menntunar eða afþreyingu, til aukins sýnileika bæjarfélagsins á landsvísu eða sérstaks árangurs á svið þróunar vöru, þjónustu eða markaðssetningu. Það er niðurstaða atvinnumálanefndar með hliðsjón að þessu sé Háskólasetur Vestfjarða vel að þessum verðlaunum komið. Þetta er ung stofnun, aðeins þriggja ára gömul, og byggð á góðum grunni. Hún byrjaði smátt en hefur vaxið mjög á síðustu árum. Þar starfa níu manns ásamt stundakennurum og eru því alls sautján stöðugildi við setrið." *– birgir@bb.is*

**Birna Lárusdóttir afhendir Peter Weiss Virðisaukann.**

**Ekki liggur fyrir hvort skera þurfi niður hjá HSÍ.**

# Niðurskurður ekki fyrirsjáanlegur

Ekki liggur fyrir hvort skera þurfi niður hjá Heilbrigðisstofnuninni Ísafjarðarbæ að sögn Þrastar Óskarssonar, framkvæmdastjóra HSÍ, en verið er að fara yfir þessi mál með tilliti til samdráttar í heilbrigðisgeiranum og var niðurstöðu að vænta frá HSÍ í þessari viku. Fyrirséður er mikill samdráttur í heilbrigðisgeiranum þar sem Landspítalanum er gert að skera niður um fjóra milljarða króna. Hulda Gunnlaugsdóttir, forstjóri Landspítalans, hefur sagt að niðurskurðurinn þýði m.a. fækkun legudeilda og minni launa- og rekstrarkostnað. Niðurskurðurinn kemur einnig við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sem sér fram á lokun skurðstofunnar en stofnunin tók nýverið í notkun tvær nýjar skurðstofur.

Stofnuninni er gert að draga útgjöld saman um 200 milljónir króna og felur það jafnframt í sér að starfsemi fæðingadeildarinnar skerðist frá því sem nú er. Sigríður Snæbjörnsdóttir, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, segir að með þessu verði þjónustan, sem skorin verður niður, færð til Landspítalans sem svo aftur þarf að skera niður um 4 milljarða. *– birgir@bb.is*

Áskorun til sveitarfélaga og arkitekta

Með hliðsjón af ástandi efnahagsmála vill Húsafriðunarnefnd taka fram eftirfarandi:

Bæta má manngert umhverfi með fleiru en nýbyggingum einum saman. Í byggingararfi þjóðarinnar eru fólgin verðmæti úr fortíðinni, bæði menningarsöguleg og listræn, sem nýtast vel menningartengdri ferðaþjónustu. Þá er það löngu viðurkennt að það sé vitnisburður um menningarstig hverrar þjóðar, hvernig hún umgengst byggingararfinn. Með vandaðri húsakönnun er lagður grunnur að mati á varðveislugildi einstakra húsa, húsasamstæðna, byggðamynsturs, götumynda og hverfa. Þótt mörg sveitarfélög hafi á undanförnum áratugum látið kanna varðveislugildi eldri byggðar í því skyni að auðvelda vinnu við skipulag og ákvarðanatöku þar að lútandi, eru mörg þéttbýlissvæði sem enn bíða úrlausnar hvað þetta varðar.

Núgildandi lög um húsafriðun kveða á um að öll hús, sem reist eru fyrir 1850, skuli vera friðuð. Verði frumvarp til laga um menningarminjar, sem menntamálaráðherra ráðgerir að leggja fyrir Alþingi á næstunni, að lögum, mun friðuðum húsum fjölga verulega, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að öll mannvirki, sem byggð voru fyrir 1900, verði friðuð. Af þessum sökum er enn brýnna en áður að ráðast í gerð húsakannana.

Um leið og Húsafriðunarnefnd skorar á sveitarfélög og arkitekta að beina sjónum sínum að þessum málaflokki, tekur nefndin fram:

- Húsafriðunarnefnd hefur látið taka saman leiðbeiningar um gerð húsakannana og gefið út á prenti. Ráðgert er að innan tíðar verði leiðbeiningar þessar í endurskoðaðri útgáfu aðgengilegar á heimasíðu nefndarinnar.
- Þegar kemur að úthlutun styrkja úr húsafriðunarsjóði 2009 mun nefndin láta umsóknir um styrki til húsakannana hafa forgang og styrkja gerð þeirra eins og framast er kostur og fjárhagur sjóðsins leyfir.

HÚSAFRIÐUNARNEFND

Húsafriðunarnefnd | sími 570 1300 | husafridun@husafridun.is | husafridun.is

# Sér mörg sóknarfæri á Vestfjörðum

Sveinbjörn Hjálmarsson – Simbi eins og hann er alltaf kallaður – flutti búferlum með fjölskylduna til Ísafjarðar fyrir rúmu ári án þess að eiga nokkrar ættir að rekja vestur og þekkti þar aðeins eina manneskju. Ástæðuna segir hann vera þá, að hann hafi viljað trappa sig aðeins niður frá hinu hraða lífi sem tíðkast í Reykjavík. Hann varð strax mjög virkur í félags- og menningarlífi bæjarins og vakti meðal annars athygli fyrir hlutverk sitt sem Ketill skrækur í leikritinu Skugga-Sveini sem sló í gegn á síðasta ári.

Sveinbirni er margt til lista lagt. Hann er mikill íþróttamaður og eflaust eru fáar íþróttir sem hann hefur ekki spreytt sig á. Hann hefur þó mestan áhuga á boxi og köfun og hyggst efla þessar tvær sportgreinar hér vestra. Nú stundar hann þá jafnvægislist að sinna áhugamálunum, vinnunni og fjölskyldunni af krafti, en hann og Sóley Huld Árnadóttir kona hans eiga þrjá syni sem eru 14, 9 og 6 ára.

Blaðamaður hitti Sveinbjörn yfir kaffibolla í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Það vakti athygli meðan á viðtalinu stóð, að nánast hver einasta manneskja sem átti leið inn á kaffihúsið heilsaði Sveinbirni. Greinilegt er að hann hefur aflað sér margra vina og kunningja frá komu sinni vestur enda líflegur og vinalegur karakter þar á ferð.

– Hvað kom til að þið fjölskyldan ákváðuð að flytja vestur?

„Við vildum bara breyta til. Hlutirnir gengu vel í Reykjavík svo það var ekki málið. Ég var með mjög góða vinnu hjá fyrirtækinu Margt smátt og konan að vinna á snyrtistofu. Við ákváðum að hægja aðeins á okkur, því það að búa í Reykjavík með þrjá stráka er meira en að segja það, endalaus skutl fram og til baka og alls kyns útréttingar sem taka allt of langan tíma. Hér á Ísafirði þarf maður rétt svo á bíl að halda til að fara í Bónus og keyra þangað á Skutulsfjarðarbrautinni á 60 km hraða og vera bara fullkomlega sáttur við það. Á götum Reykjavíkur er víða 60 km hámarkshraði en allir aka á 100-120 og alltaf of seinir í allt. Það er bara allt annað tempó hér á Ísafirði og verður miklu meira úr þessum stutta sólarhring hér.

Ástæðan fyrir því að við fluttum til Ísafjarðar var að Sóley á góða vinkonu hérna og við höfðum komið nokkrum sinnum í heimsókn á sumrin og kunnum vel við okkur. Sérstaklega strákarnir, en hérna er allt til alls, bryggjan og sjórinn, fullt af krökkum og allt svo eðlilegt. Það hefur gengið rosalega vel síðan við komum hingað. Við leigjum fína íbúð af brosmildasta og einum skemmtilegasta og duglegasta Ísfirðingnum, honum Úlfi í Hamraborg.“

– Þú vaktir strax athygli á þér í leiklist á Isafirði, hafðir þú gert eitthvað áður á sviði?

„Nei, nei, nei. Ekkert verið í því áður. Það var nú frekar fyndið hvernig ég fór út í það. Þannig er mál með vexti, að við vorum tiltölulega nýflutt til Ísafjarðar þegar yngsti sonur okkar átti afmæli, við fluttum í bæinn í júní og afmælið var í september. Meðal þeirra sem komu í afmælið var strákur sem var með syni okkar á leikskóla, og foreldrar hans, Kata og Óli sjúkraþjálfari [Katrín Líney Jónsdóttir og Ólafur Halldórsson, innskot blaðamanns] kíktu með í kaffi. Þegar þau kveðja spyrja þau hvort þau megi ekki kíkja í heimsókn kvöldið eftir, og við játtum því, enda þekktum við engan nema Dóru [Halldóru Björk Norðdahl].

Þegar þau mæta næsta kvöld kom Óli með handritið af Skugga-Sveini, sem hann sagði að Litli leikklúbburinn væri að setja upp. Hann spurði hvort ég hefði eitthvað verið að leika og hvort ég hefði ekki áhuga á því. Ég ákvað að skella mér bara á þetta, svo vantaði líka raddir í kórinn sagði hann og spurði mig svona í leiðinni hvort ég gæti ekki sungið og hefði gaman af því. Auðvitað sló ég til, fannst þetta líka frábær leið til að kynnast fólki. Þannig að í gegnum Óla kallinn gekk ég í leikfélagið og Karlakórinn Erni svona á einu bretti og kynntist alveg helling af frábæru fólki á skömmum tíma. Þetta var mjög gaman og átti vel við mig, og langar mig því að rækta þetta saman, Söng og leik, í kjölfarið. Ég er eins og er í smá fjarnámi, ég ákvað að verða mér úti um nokkrar einingar í þýsku þar sem ég bjó í Austurríki fyrir nokkrum árum og vil reyna að halda tungumálinu við. En þegar það klárast í desember ætla ég að fara gera eitthvað meira í leiklist og söng.

Svo núna í vor var ég beðinn um að taka þátt í Forleik Kómedíuleikhússins, sem var í tengslum við hina frábæru og árlegu Act alone einleikjahátíð sem og LL. Elfar Logi kíkti á mig með handritið og renndi í gegnum það. Mér þótti þetta skemmtilegt viðfangsefni og ákvað því að þiggja boðið.“

– Var það ekki ógnvekjandi að taka að sér einleik eftir svona litla reynslu á leiksviði?

„Jú, jú, þetta var mikil ögrun fyrir svona venjulegan strák eins og mig. Það er auðvitað svolítið stökk að standa fyrir framan fimmtíu til hundrað manns og ekkert má klikka, og reyna að vera sannfærandi í leiðinni. Þetta var erfitt, ég neita því ekki, en líka mjög skemmtilegt og gefandi, og þarna kynntist ég þá enn meira af skemmtilegu fólki, Mysterious Mörtu, Billu konu Elfars Loga og Árna Inga, en þau þrjú voru líka með einleiki þarna.

Litli leikklúbburinn fer bráðum að koma saman og halda aðalfund og kjósa í nýja stjórn. Ég hef mikinn áhuga á að vinna mikið með nýrri stjórn. Þarna eru nokkrir sem hafa áhuga á því að efla klúbbinn. Ég tel að við öll saman gætum gert góða hluti í LL þar sem leikklúbbuirnn er með frábæra aðstöðu hér í Edinborgarhúsinu og hefur allt til alls til að gera mjög góða hluti og setja upp flottar sýningar. Svo eru líka svo margir frábærir leikarar hér. Það verður því spennandi að sjá hvað gerist núna strax á nýju leikári.

Ég er farinn að hafa mjög mikinn áhuga á leiklist og ætla að hafa augun opin fyrir námskeiðum og öðru slíku til að efla mig í listinni. Og hver veit, kannski verður maður bara leikari í framtíðinni, betra seint en aldrei. Mig hefur líka alltaf langað í söngnám þar sem mamma er óperusöngkona og söngkennari og mikill söngáhugi var á heimilinu þegar maður var gutti og bjó heima. Ég fór með mömmu og Elfu systur til Austurríkis í eitt ár þar sem mamma var í söngskóla.“

## Hefur kafað í meira en áratug

Sveinbjörn hefur lengi haft áhuga á köfun eins og Ísfirðingar og nærsveitamenn hafa þegar fengið að finna smjörþefinn af. Til að mynda hefur hann haldið köfunarkynningu og staðið að námskeiðum.

„Ég byrjaði í köfun 1995 og byrjaði þá strax í Sportkafarafélagi Íslands. Það er um 150 manna félagsskapur sem er frábær og æðislegt að taka fyrstu sundtökin þar með hjálp reyndari kafara. Næstu ár var ég mjög mikið að kafa og fór út um allt. Árið 1997 fór ég í stjórn Sportkafarafélagsins og var í henni alveg til ársins 2007 og var formaður árin 2000, 2005 og 2006.

Þegar ég kom til Ísafjarðar hélt ég auðvitað áfram að kafa. Eini kafarinn sem ég kannaðist við hérna var Halli Tryggva, en hann hafði komið suður nokkrum sinnum og ég kynnst honum þar. Hann vissi að það væru margir strákar hérna á Ísó sem langaði til að læra að kafa. Ég er menntaður svokallaður Padi Divemaster, sem er næsta stig við kennarann í þessum stærstu alþjóðlegu köfunarsamtökum í heimi (PADI). Til að ná kennarastiginu þarf ég að fara út að læra kennarann þar, en það er mjög dýrt og það tekur líka um einn mánuð. Ég tek bara kennarann seinna.

Það er mjög erfitt kenna köfun í aukavinnu því maður þarf að eiga mjög mikið af dóti og það er mikil vinna að baki þessu og alveg svakalegur tími sem fer í að undirbúa og ganga frá og gera klárt fyrir næsta dag. En sem Divemaster má ég vera leiðsögumaður og taka að mér hópa til að fara með að kafa og taka pening fyrir, einnig má ég kenna þeim upprifjun sem ekki hafa kafað í lengri tíma og eru orðnir ryðgaðir. Svo hef ég verið í góðu samstarfi við köfunarkennarann Finnbjörn R. Finnbjörnsson hjá scubaiceland.com í Reykjavík. Finni á ættir sínar að rekja hingað vestur en afi hans hét Finnbjörn Finnbjörnsson og var víst málarameistari og bjó hér á Isafirði.

Finni hefur komið hingað og haldið með mér þessi köfunarnámskeið. Á stóra námskeiðinu sem við vorum með í september í fyrra komu þrír strákar og ein stelpa og svo sex björgunarsveitarstrákar. Þeir hafa mikinn áhuga á að halda áfram að læra meira og ætla að vera með í framhaldsnámskeiðinu sem verður innan skamms. Ég veit um fleiri í viðbót sem langar til að læra. Við stefnum á það ef það næst nægur mannskapur að Finnbjörn komi aftur í lok nóvember og haldi annað Padi Open Water byrjendanámskeið með mér.“

Köfunarreynslan leiddi síðan til þess að Sveinbjörn varð félagi í Björgunarfélagi Ísafjarðar. „Ég byrjaði í því til að geta nýtt köfunina og haldið áfram að efla köfun hér, því ef það kemur stórt útkall þar sem þörf er á mörgum köfurum, þá getum við verið tilbúnir, sem er mjög gott mál. Sem sagt, stefnan er að gera köfunardeild BÍ stóra, öfluga og góða. Svo er þetta líka bara þrælskemmtilegur félagsskapur sem gaman er að vera í. En þar sem ég hef mikið annað á minni könnu, þá get ég ekki tekið þátt í hverri einustu æfingu. Bara því miður, þá getur maður ekki gert allt og sérstaklega ekki þegar maður er hluti af fimm manna fjölskyldu. En ég reyni samt að æfa með strákunum eins reglulega og ég get.“

## Lærði hnefaleika af gömlu meisturunum

Sveinbjörn hefur talsverða reynslu af hnefaleikum. „Ég byrjaði í hnefaleikum 1994. Ég var að vinna hjá Guðmundi Arasyni, sem var gamall Íslandsmeistari síðan 1943 í hnefaleikum. Hann dó blessaður núna í sumar, 89 ára gamall. Hann sá mig einu sinni á boxæfingum úti í bæ, rétti mér nafnspjaldið sitt og sagðist langa til að kíkja betur á mig. Það varð úr að ég fór að æfa hjá honum og seinna meir að vinna hjá fyrirtækinu hans. Hann átti einkasal sem var öllum tækjum búinn og einnig með löglegan hnefaleikahring. Þar æfði ég með mörgum af okkar gömlu Íslandsmeisturunum síðan 1935-1950. Þetta var mjög skemmtilegur tími og ég lærði alveg helling af þessum gömlu köppum.

Þegar ég var búinn að læra hér um bil allt sem ég gat lært af gömlu kempunum fór ég og vinur minn að halda námskeið. Þetta var hann Skúli Ármannsson sem ég var mest með í boxinu á þessum tíma, en hann er nú eini atvinnumaðurinn í hnefaleikum á Íslandi í dag. Við kenndum fullt af krökkum box í um þrjú ár, bæði byrjendanámskeið og fyrir lengra komna. Í framhaldi af þessu fórum við Skúli í æfingabúðir til Bandaríkjanna 2004 og kepptum við gaura sem voru með um 200 bardaga að baki og þvílíkt reyndir. Við fórum með slatta af reynslu í hnefaleikum en ekki í því að keppa. Þegar við byrjuðum var box bannað á Íslandi. Þetta var því nokkurs konar neðanjarðarfélagsskapur til að byrja með, því maður mátti ekki keppa eða auglýsa neitt.

Ég fór einnig í æfingabúðir til Svíþjóðar ásamt átta öðrum köppum frá Íslandi. Þar æfðum við með nokkrum gaurum úr sænska landsliðinu og kepptum líka eitthvað aðeins, sem gekk ágætlega. Svo tók ég einnig þátt í nokkrum litlum mótum hér heima þar sem mér gekk alveg ágætlega.

Stærsta stundin á ferlinum var þegar við bestu íslensku boxararnir kepptum við lið frá USA Minnesota árið 2003. Þetta var fyrsta mót á Ísland eftir að boxið var leyft aftur árið 2003. Mótið var haldið í Laugardalshöll með öllu tilheyrandi – full höll, 3500 manns, og sýnt í beinni á Sýn. Þar keppti ég við strák sem var atvinnuboxari í Bandaríkjunum, en ég tapaði naumlega viðureigninni með aðeins einu stigi.

En það var mjög erfitt að vera með stóra fjölskyldu og vera að kenna box þrjú kvöld í viku þrjár klukkustundir í senn. Og án þess að fá mikinn pening fyrir. Ekki síst þar sem maður var í ýmsu öðru líka eins og köfuninni. Maður var því lítið heima og varð því að velja og hafna. Nú eru þrjú ár síðan ég fór á alvöru æfingu í boxi. Ég hef eitthvað verið að leika mér á sekknum í Stúdíó Dan með Árna félaga mínum [Árni Heiðari Ívarssyni, innskot blaðamanns].

Þegar ég flutti vestur vissi ég vel hver Lalli var [Lárus Mikael Knudsen, fyrrum Íslandsmeistari í boxi] og var að gæla við þá hugmynd að við tveir gætum farið að halda námskeið og hrist aðeins upp í hlutunum hérna. En þá fór ég í leiklistina og kórinn og hafði bara fullt annað að gera, svo ekkert hefur orðið úr því. Mig langar þó mjög mikið til að gera eitthvað í þessum hlutum og kenna box með Lalla hér á Ísafirði. Box er mjög heilbrigt sport þó að á æfingum séu menn stundum að taka ast á. Saman gætum við Lalli gert alveg svakalega góða hluti. Það er bara spurningin hvað verður.

Ef maður ætlar að gera þetta þarf maður að vinna hart að því að láta það ganga. Maður þarf að auglýsa vel og fara í blöðin og útvarpið til að ná fólki inn. Svo er það nú einu sinni alltaf þannig, að af þeim mörgu sem byrja eru mikil afföll. Þetta er ekki fyrir alla, en þar með er ekki sagt að maður sé alltaf að slást, þetta eru bara líkamlega erfiðar æfingar. Sumum finnst æfingarnar bara of erfiðar og hafa þetta ekki í sér. Maður hefur oft séð slagsmálahunda gefast

fljótt upp en stráka sem eru rólegir og klárir brillera ansi oft í boxinu. Enda byggist þetta upp á því að vera skarpur í hausnum og sjá fyrir næsta leik andstæðingsins. En ég viðurkenni að það þarf að fylgja smá geðveiki þar sem maður má ekki hætta þegar maður fær högg heldur verður maður að klára bardagann.

Ég sé jafnvel fyrir mér að ég, Lalli og Árni förum af stað með námskeið fyrir fólk hér þegar fram líða stundir. Við þrír gætum sko gert góða hluti enda eru þeir mjög öflugir í því sem þeir eru að gera. Heræfingar ásamt boxi og hlaupum eru eitthvað sem er spennandi og heldur mönnum í svakalegri þjálfun. Þessar æfingar eru að vaxa mikið á Íslandi, eða Bootcamp eins og þetta er kallað.“

– Hefur sportið ekki stækkað mikið frá því að það var lögleitt?

„Sportið stækkaði mikið fljótlega eftir að það var leyft en svo hefur það verið að minnka aðeins aftur, en það koma svona toppar og af þeim mörgu sem byrja eru fáir sem endast eitthvað. Þetta er ekkert fyrir alla, en það er um að gera að byrja og sjá hvort það eigi við mann. Þetta er náttúrulega eitt erfiðasta sport í heimi og ef það á að fara stunda það að ráði, keppa og þess háttar verður maður að æfa allavega einu sinni á dag ef ekki tvisvar.“

## Íþróttamaður af guðs náð

Og sportáhuginn hans Sveinbjörns stoppar ekki þar. „Núna er ég nýbúinn að taka skotvopnaleyfið og veiðikortið, en áhuginn á því sporti er mest til kominn í gegnum vinnuna. Skotvopnadeildin er að eflast þvílíkt hjá mér í Hafnarbúðinni. Ég með mikið af byssum og rifflum og gott úrval af riffil- og haglabyssuskotum, en allt kemur þetta frá Ellingsen, og svo er ég líka að panta fullt fyrir menn. Það hefur kviknað hjá mér áhugi til að kíkja aðeins á fuglalífið hér í grenndinni. Fínt að hafa þetta til að grípa í einhvern sunnudaginn þegar maður hefur ekkert að gera, rölta til veiða og skjóta sér til matar. Snilld.

En þar sem ég er kafari hef ég mikið verið í gjánum í og við Þingvallavatn og séð fullt af fiski, og því er fluguveiðin heillandi kostur því ég veit hvar fiskurinn heldur sig“, segir Sveinbjörn og hlær. „Frábært er að tvinna saman stangveiði og köfun, ég er líka mikið að taka myndir neðansjávar sem er mjög gaman. Undanfarin ár hef ég alltaf farið með Rikka bróðir mínum og pabba í laxveiðitúra á sumrin. Fluguveiðin er æðisleg og gaman að fá góða fiska. Hérna við Ísafjörð og í nágrenninu er hægt að veiða á mörgum góðum stöðum. Styst er að fara inn í Engidal og veiða þar. Annars er Þingvallavatn uppáhaldsvatnið mitt, bæði veiðilega og köfunarlega séð.

Svo prófuðum við frúin að fara á blakæfingar og komumst að því að það er alveg meiriháttar skemmtileg íþrótt. Þarna koma saman hressir strákar og stelpur og þetta var þrælgaman. Reyndar er komið svolítið síðan við fórum síðast, þar sem það æxlaðist alltaf þannig að eitthvað kom upp á þegar æfingar voru, en það stendur nú til bóta. Blak er íþrótt sem ég er alveg til í að kynnast betur.

Við frúin æfðum svo einnig samkvæmisdansa í þrjú ár hjá Dansskóla Jóns Péturs og Köru. Það var fínt að koma beint af boxæfingu inn á dansgólfið. Við kepptum smá á Íslandsmeistaramótum og urðum meira að segja í öðru sæti á einu þeirra. Þetta voru skemmtilegir tímar og gaman að kunna þessa dansa þótt maður væri nú kannski ekki að dansa þá alltaf á böllum. En þar sem þeir áttu við, eins og t.d. á árshátíðum, var mjög gaman að kunna þetta.

Já, svo var ég í keilunni líka í gamla daga. Ég var orðinn mjög fær í keilu enda eyddi ég næstum öllum tíma mínum í Öskjuhlíðinni. Ég var einmitt keppa með unglingalandsliðinu í einhvern tíma og við fórum í skemmtilega keppnisferð til Englands, en ég hætti um 16-17 ára að spila af einhverri alvöru. Mér finnst einmitt alveg vanta á Ísafirði að maður geti skellt sér í keilu. Það mætti alveg einhver taka upp á því að koma upp slíkri aðstöðu hér á Ísó, enda er þetta mjög heilbrigt sport sem hentar vel fyrir alla, bæði stóra hópa og einstaklinga, og að sjálfsögðu er það frábært fjölskyldusport.

Ég var líka lengi vel í júdó og var með grænt belti þegar ég hætti í því. Júdó er mjög skemmtileg íþrótt og mikið tuskast og glímt. Við vorum þrír saman félagarnir úr Breiðholtinu og þegar þeir hættu dró ég mig út úr því líka.“

– Nú hefur þú greinilega verið í mörgum mjög ólíkum íþróttum. Er einhver íþrótt sem hefur nýst þér í öðru sporti?

„Já, box og dans eiga vel saman. Ég var með mjög góðan fótaburð í boxinu. Ég lærði það af gömlu köppunum að vera alltaf á tánum á meðan ég var að berjast, og það er maður líka í dansinum. En svo var ég líka í fimleikum þegar ég var gutti og þar varð ég mjög sterkur og snöggur, sem nýtist í flestum íþróttum.“

## Dreymdi um að kafa í sjónum

Simbi kann afar vel við sig í kaupstað við sjóinn og segist ekkert vera á leiðinni í burtu. „Ég var fyrstu átta árin mín í Gufunesi í Reykjavík, rétt við áburðarverksmiðjuna. Maður bjó nánast niðri í fjöru þannig að sjórinn á vel við mig og hefur ætíð heillað. Mann hefur því alltaf dreymt um að komst í sjóinn að kafa og því fór ég strax að prófa það um leið og ég hafði aldur og efni til. Ég flutti úr Gufunesi beint í gettóið í Breiðholti og var þar alveg til ársins 1990. Það voru mikil viðbrigði, skrítið að koma úr nánast sveit og beint til Breiðholtsvillinganna. En ég kom mér nú aldrei í nein alvarleg vandræði, þó svo maður hefði nú verið svolítill gaur“, segir Sveinbjörn og glottir út í annað. „Elsti sonurinn fæddist þegar ég var 21 árs og þá róaðist maður heilmikið“, bætir hann við.

– Eruð þið fjölskyldan komin til að vera á Ísafirði?

„Við kunnum allavega mjög vel við okkur á Ísafirði og strákarnir líka. Við erum ekkert á leiðinni í burtu í bráð. Ég held ég geti hreinskilnislega sagt, að ég hafi ekki kynnst einum einasta leiðinlegum manni á Ísafirði síðan ég kom hingað. Ég hef kynnst mörgu fólki bæði í gegnum félagsstarfið og Hafnarbúðina. Og hérna er maður eitthvað. Aftur móti í Reykjavík er maður bara einn af fjöldanum. Þó maður geri eitthvað gott tekur enginn eftir því. En hérna vita allir af því og þó að það sé ekki endilega það sem maður er að sækjast eftir er mjög gaman að fá viðurkenningu þegar maður er að gera góða hluti. Þá veit maður að minnsta kosti að maður sé á réttri braut.

Ég byrjaði að starfa hjá 3X Technology fyrst eftir að ég flutti til Ísafjarðar. Það átti vel við þar sem ég hafði verið að smíða mikið í gegnum tíðina. Ég hef mikinn áhuga á hönnun og hef í raun hug á að fara á hönnunarbraut seinna meir ef maður hefur tíma, en það þarf nú samt held ég að setja á hold. Það var mjög fínt að vinna hjá 3X og ég kynntist þar hressum strákum. Þegar ég hætti vantaði verkefni og það var lítið um að vera hjá fyrirtækinu. En í dag er það flott fyrirtæki á mikilli uppleið.

Ég fór því að hugsa mér til hreyfings og talaði við hana Önnu Lóu [Guðmundsdóttur] í Hafnarbúðinni og hún vildi fá mig til vinnu. Ég talaði við Kalla [Karl Ásgeirsson framkvæmdastjóra 3X Technology] og fékk að hætta samdægurs og daginn eftir var ég byrjaður að vinna í Hafnarbúðinni og kann afar vel við mig í því starfi. Maður kynnist alveg fullt af fólki þar líka og líður mér vel þar og hún Anna Lóa er alveg frábær vinnuveitandi. Skilningsríkari vinnuveitenda hef ég aldrei kynnst, aldrei neitt vandamál, en það eru eigendurnir líka, þau Inga og Diddi.

Sóley er svo með snyrtistofu hér á Ísafirði og hefur aðstöðu í Ráðgjafa- og nuddsetrinu hjá honum Stebba Dan, www.rons.is þarna niðri á bryggju á Sindragötunni. Það gengur bara vel og þó nokkuð að gera, og á svo eftir að aukast núna fyrir jólin.“

## Mörg sóknarfæri í tengslum við köfun

Simbi á sér stóra drauma

sem hann vill að verði veruleika á Vestfjörðum. „Mig langar að efla köfunina fyrir vestan og læt mig dreyma um að stofna lítið Sportkafarafélag Vestjarða hérna. Við strákarnir í björgunarsveitinni höfum verið að stefna á það að taka að okkur að þrífa hafnirnar á Ísafirði í fjáröflunarskyni. Við ætlum þá að vera í samvinnu við eina atvinnukafarann hér, því við viljum ekki taka af honum vinnuna. En hugmyndin var sú að reyna að vinna okkur inn smá pening frá Ísafjarðarbæ fyrir Björgunarfélagið til að kaupa loftpressu til að pressa lofti á kútana okkar. Við eigum enga loftpressu og þurfum því að fylla á kútana á slökkvistöðinni og erum stundum rukkaðir fyrir það. Að pressa þar tekur mjög langan tíma. Stundum fáum við félaga okkar í Bolungarvík til að pressa fyrir okkur. Það eru ýmsar hugmyndir í gangi hvernig græja megi þessi fjáröflunarmál og við stefnum á að framkvæma eitthvað af þeim strax á næsta ári. Til dæmist ætlum við að halda köfunardag þar sem við bjóðum gestum og gangandi að prófa að kafa í Sundhöllinni á Ísafirði.

Ég held að köfun á Vestfjörðum eigi eftir að verða miklu viðameiri. Hér eru stórir firðir og Djúpið fullt af skipum og dóti sem hafa farið niður í gegnum tíðina. Á þessum svæðum er að finna fullt af gulli og gersemum fyrir kafara. Ég var t.d. í hópnum sem fann Kolbrúnu ÍS í fyrra. Hún strandaði í Mjóafirði og þegar verið var að draga hana í til hafnar sökk hún og menn létu hana eiga sig, en seinna fannst hún ekki. Mig minnir að hún hafi sokkið 1996 og enginn hafði fundið hana fyrr en við komum hérna nokkrir félagar úr Sportkafarafélagi Íslands í árlegri köfunarferð í Reykjanes.

Ég var sá fyrsti sem fann hana. Ég var að skoða mig um og sá hana. Það var mjög gaman að sjá skip í fyrsta skipti sem enginn hafði séð neðansjávar í yfir áratug. Þetta var góður fundur. Það getur verið mjög skemmtilegt að leita að flökum sem leynast víða. Maður getur leitað uppi sögur um skip sem hafa farið niður á ákveðnum stöðum og aflað sér heimilda þar til maður getur sirkað út hvar flakið leynist. Síðan er bara að gefa sér tíma til að leita. Það er að segja ef skipið er þar sem maður heldur að það sé.

Mörg tækifæri leynast í köfun fyrir þá sem vilja stíla inn á ferðamannamarkaðinn. Ég sé það vel fyrir að mér að hægt væri að fara í samstarf við þau fyrirtæki sem bjóða upp á sjóstangaveiðiferðirnar og bjóða veiðimönnunum upp á köfun í leiðinni. Ég held að margir myndi stökkva á tækifærið ef það væri í boði. Þarna er ónýtt sóknarfæri. Víða um land tíðkast að menn séu með köfunarfyrirtæki og stíli inn á túristana. Eins og til dæmis á Þingvöllum, sem er eitt af skemmtilegustu köfunarsvæðum heims. Þetta væri vel hægt að útfæra yfir á Vestfirði. Auðvitað þarf maður ágætis summu í startkostnað en ef maður ætti pening og væri duglegur í markaðssetningunni gæti þetta orðið mjög stórt dæmi hér vestra.

Köfunarsportið stækkar ört á Íslandi. Þegar ég byrjaði 1995 voru þrír köfunarkennarar sem voru að gera góða hluti. Í dag eru um 20 kennarar og langflestir í Reykjavík en enginn fyrir vestan, og ég er eini Divemasterinn á Ísafirði. Ég ætla mér því að gera eitthvað en í hvaða formi á eftir að koma í ljós. Stórar ferðaskrifstofur hafa haft samband við mig og spurt hvort ég geti tekið að mér hópa en ég hef alltaf neitað þar sem það er mjög erfitt að redda 15-20 göllum og búnaði fyrir nokkra daga. Og þó ég gæti reddað 15 búningum er ekki þar með sagt að ég gæti komið 15 manneskjum í þá, því þær eru náttúrulega mismunandi að stærð. Maður þarf því að eiga rosalega breidd í búningum og vestum til að eiga eitthvað á alla. Ég hef fengið til mín hópa með mjög litlar stelpur og svo yfir tveggja metra háa gaura.“

Það verður því spennandi að fylgjast með Sveinbirni á næstu misserum og án efa á hann eftir að láta að sér kveða í bæjarfélaginu. „Maður verður bara að passa sig að gera ekki of mikið. Maður á fjölskyldu og verður að vera til staðar fyrir hana líka“, segir Sveinbjörn.

*– thelma@bb.is*

**Dagurinn var mikið fagnaðarerindi fyrir stofnanir innan Vestrahússins.**

# Nýrri aðstöðu Vestrahússins á Ísafirði fagnað

Lokum framkvæmda við skrifstofu- og kennslurými í Vestrahúsinu á Ísafirði var fagnað í síðustu viku. Voru þar samkomnir allir starfsmenn þeirra stofnana sem hafa aðsetur í húsinu. Peter Weiss, forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða, bauð gesti velkomna og sagði daginn mikið fagnaðarerindi fyrir stofnanir innan Vestrahússins því starfsmenn þeirra höfðu þurft að láta sér lynda við ýmsar málamiðlanir þegar kom að aðbúnaði og plássi innanhúss en eftir þessar breytingar verður aðstaðan mun betri.

Peter vildi einnig þakka snörum handtökum verktakanna sem sáu um breytingarnar og jafnframt þakkaði hann námsmönnum og gestum fyrir þolinmæðina sem þau sýndu á meðan framkvæmdum stóð. Var almenn ánægja meðal með aðstöðuna og voru allir sammála um að gott samfélag hafi skapast innan hússins fyrir fólk sem vinnur að frumkvöðlaverkefnum. Léttar veitingar voru í boði og gæddi fólk sér á alíslenskum plokkfiski og rúgbrauði sem það skolaði niður með malti og appelsíni.

*– birgir@bb.is*

**„Að öllu líkundum verður ekki hægt að halda uppi strandsiglingum til Ísafjarðar," segir Ólafur William Hand, fjölmiðlafulltrúi Eimskipa.**

# Strandsiglingum til Ísafjarðar hætt?

„Það er verið að endurskipuleggja sumar siglingaleiðir Eimskipa og þar af leiðindi er verið að endurskipuleggja heildarkerfið. Það sem um ræðir er ekki endanleg ákvörðun en það lítur út fyrir að skipum félagsins sem sigla til Bandaríkjanna verði fækkað um eitt. Ef það verður ákveðið, verður að öllum líkindum ekki hægt að halda uppi strandsiglingum til Ísafjarðar," segir Ólafur William Hand, fjölmiðlafulltrúi Eimskipa. „Þegar Ísafjarðarverkefnið fór af stað var talað um þriggja mánaða tilraunaverkefni en við erum ávallt að endurskoða hlutina og á næstu dögum eða vikum verðum við komin með heildarniðurstöðu á það hvernig flutningi verður háttað hjá fyrirtækinu," segir Ólafur.

„Það er ekki bara verið að leggja af Ísafjarðarsiglingarnar heldur yrði það hluti af stærri endurskipulagningu. Í þessum töluðum orðum eru menn innan fyrirtækisins að vinna að endurskipulagningu á siglingaleiðunum og er því mjög erfitt fyrir okkar að gefa eitthvað út því þetta breytist svo hratt hjá okkur. Við höfum aðallega verið með full skip til útflutnings en innflutningur hefur dregist saman hjá okkur. Því erum við að leita eftir hagræðingu því það er náttúrlega óhagkvæmt fyrir flutningafélag að vera með fullt skip út en tómt heim. Næsta skip fer allavega til Ísafjarðar en niðurstaða um framtíð siglinga til Ísafjarðar liggur væntanlega fyrir í þessari viku," segir Ólafur.

*– birgir@bb.is*

# Sameining sveitarfélaga á að vera val íbúanna sjálfra

Elías Jónatansson, bæjarstjóri í Bolungarvík er andvígur því að setja sérstakan lágmarksfjölda á íbúa sveitarfélaga. „Mér finnst að íbúarnir eigi að fá að ráða þessu. Sjálfsagt er að taka til umfjöllunar svona mál og kjósa um það, en það á að vera alfarið í höndum íbúa að mínu mati en ekki samkvæmt skipun að ofan. Þarna eiga hagsmunir íbúa að vera hafðir að leiðarljósi“, segir Elías aðspurður um afstöðu sína til hugmynda Kristjáns L. Möller samgönguráðherra þess efnis að lágmarksfjöldi íbúa sveitarfélaga verði hækkaður með lögum úr 50 í 1000.

Skiptar skoðanir eru um þessi mál en ráðherra hefur lýst yfir þeirri hugmynd að sveitarfélögum yrði gefinn aðlögunartími til að vinna að sameiningu fram á árið 2012 en eftir það myndi hin væntanlega lagabreyting taka gildi. Hefur hann einnig gefið til kynna að tekið yrði tillit til sérstakra aðstæðna ef rök mæltu með undanþágum.

Markmiðið með hækkun á löglegum íbúafjölda er að sögn samgönguráðherra að efla og stækka sveitarfélög til að þau yrðu betur í stakk búin til að standa undir öflugri þjónustu og nýjum verkefnum sem þeim verða falin.

Á Reykhólavefnum segir að samgönguráðherra hafi fundað með fulltrúum fámennra sveitarfélaga á dögunum. Hátt í 50 forráðamenn eða fulltrúar sveitarfélaga með innan við þúsund íbúa sátu fundinn og lýstu þeir margir sig andvíga hugmyndum um að lögbinda lágmarksfjölda, sem sumir töldu til forsjárhyggju, en kváðust sammála því að sameina mætti sveitarfélög.

Fram kom hjá fundarmönnum að skilyrði fyrir frekari sameiningum væru til dæmis umbætur í samgöngu- og fjarskiptamálum og horfa yrði til margs konar landfræðilegra aðstæðna við sameiningar fremur en ákveðins íbúafjölda. Þar skiptu og tekjumöguleikar sveitarfélaganna höfuðmáli. Þá bentu nokkrir fundarmanna á góðan árangur af samvinnu sveitarfélaga um ýmsa þjónustu. Einnig kom fram í máli þeirra að brýnt væri að aukaframlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sem greitt var á þessu ári og því síðasta, fengist greitt áfram nú þegar séð væri fram á mikla tekjurýrnun sveitarfélaga.

*– thelma@bb.is*

# Leita eftir samstarfi

Fjölmenningarsetur leitar nú til allra sveitarfélaga á landinu eftir samstarfi í upplýsingamiðlun til nýrra íbúa. Fjölmenningarsetur hóf störf á Ísafirði um mitt ár 2001 og er hlutverk þess m.a. að greiða fyrir samskiptum erlendra ríkisborgara, vinna með stofnunum og sveitarfélögum að eflingu þjónustu fyrir erlenda ríkisborgara og auðvelda aðlögun erlends fólks að íslensku þjóðfélagi auk þess að stuðla að því að upplýsingagjöf opinberra aðila til innflytjenda sé heildstæð, samhæfð og markviss.

Stór hluti þessarar upplýsingamiðlunar er upplýsingavefur Fjölmenningarsetursins sem var endurbættur og endur opnaður í maí. Þar er að finna viðamiklar upplýsingar um helstu þætti íslensk samfélags ásamt upplýsingum sem miðaðar eru að fólki sem er að flytja til landsins. Á vefnum er einnig að finna svokallað

**Fjölmenningarsetrið er til húsa í Þróunarsetrinu á Ísafirði.**

sveitarfélagaviðmót þar sem ætlunin er að birta upplýsingar um helstu þjónustuna sem er til staðar innan hvers sveitarfélags.

Til þess að hægt sé að halda úti slíkri upplýsingagjöf er nauðsynlegt að vera í góðu samstarfi við sveitarfélögin í landinu. Hefur því Fjölmenningarsetur ákveðið að fara þess á leit við sveitarfélögin að þau tilnefni starfsmann til að vinna með starfsmönnum setursins við að afla upplýsinga um þær stofnanir og þjónustuaðila sem eru að finna innan sveitarfélagsins.

Þess má geta að bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur nú þegar tekið jákvætt í erindið og hefur tilnefnt Hálfdán Bjarka Hálfdánsson, upplýsingafulltrúa, sem tengilið Ísafjarðarbæjar.

Skipulagsstofnun

## Snjóflóðavarnir ofan Holtahverfis í Ísafjarðarbæ

***Mat á umhverfisáhrifum – athugun Skipulagsstofnunar***

Ísafjarðarbær hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um snjóflóðavarnir ofan Holtahverfis á Ísafirði.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **27. nóvember 2008 til 9. janúar 2009** á eftirtöldum stöðum: Á bæjarskrifstofum Ísafjarðar og bókasafninu á Ísafirði, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, **www.isafjordur.is**.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **9. janúar 2009** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 með síðari breytingum.

**Skipulagsstofnun.**

STAKKUR SKRIFAR

# Víxlarnir kveina - fjölmiðlarnir þegja

***Stakkur*** hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Allir muna söguna af því þegar Jesús Kristur velti um borðum víxlaranna í Musterinu. Þeir kveinkuðu sér undan því og sumir sáran. Kirkjan hefur lítið látið á sér bera að undanförnu. Helst eru það sértrúarsöfnuðir, sem hafa stundum allt á hornum sér, sem tjáð hafa sig um fjárhrunið um mánaðamótin september – október. En óneitanlega verður manni hugsað aftur um tæp tvö þúsund ár, óháð sögulegri nákvæmni. Þeir vita það nefnilega sem eiga fjölmiðla nútímans á Íslandi og hafa þar með tök á sannleikanum, að sagan er skrifuð eftir því sem oftast og hæst er hrópað.

Víxlarar nútímans kvarta sáran þegar einn fjölmiðillinn loks tekur sig til og reynir að kafa í óreiðuna, að þessu sinni í Glitni. Það stendur ekki á stóru yfirlýsingunum hjá Lárusi Welding, sem keyptur var eins og hver annar fótboltakappi til að leika með liðinu Glitni fyrir 300 milljónir og fékk að auki bæði kaup og kauprétt. Hann og Jón Ásgeir Jóhannesson, sem leikur með Baugi og gat ráðstafað leikfléttunni hjá Glitni samkvæmt umfjöllun Agnesar Bragadóttur í Morgunblaðinu 23. nóvember s.l., kvarta sáran. Agnes er óheiðarleg og með dylgjur segja þeir báðir. Gott og vel. Sé svo kemur það í ljós.

En það var örlítil ljóstýra í myrki fjármáofviðrisins að sjá eldri takta fjölmiðlungs sem ekki virðist þjóna víxlurum nútímans. Morgunblaðið birti áður undarlega varnarræðu Björgólfs Guðmundssonar og leiðbeiningar forsetafrúar um það að nú skyldi etið slátur og prjónaðar lopapeysur. Vonandi er þessi nýi stíll eitthvað til frambúðar. Gefi hann fyrirheit um breytt vinnubrögð. Þögn er rofin, en hve lengi? Hún var orðin ærandi.

Engum fjölmiðli hefur verið treystandi til að sinna skyldum sínum um nokkuð langa hríð nema BB sem sinnir okkur lesendum sínum vel og reynir að afla frétta um það sem gerist á Vestfjörðum og víðar. Þó hefur BB ekki tekist að upplýsa um milljarðastímið í Boungarvík. Stím ehf, sem vel að merkja stendur fyrir einkahlutafélag, þó fjölmiðlungar margir hverjir tali ævinlega um eignarhaldsfélög. Þeim er vorkunn eftir að hafa þurft að fylgjast svo vel með ríka fólkinu til að tryggja að við sauðsvartur almúginn vitum hver er nú með hverjum og hver giftingarveislan sé nú flottust. Presturinn sem gleðst hvað mest yfir úrsögnum úr Þjóðkirkjunni tók þátt í leiknum þegar mest gekk á.

En við sem kusum á Vestfjörðum höfum fæst neina nennu lengur til að lesa um sérsaumaða brúðarkjóla og bruðlbrullaup. Við bíðum eftir að heyra frá þingmönnum okkar. Hvað ætla þeir að gera? Er nokkuð hugsað fyrir því að efla nú sjávarútveginn þegar illa aflast í klækjanet víxlaranna? Ætlar sjávarútvegsráðherra að segja kjósendum sínum frá verkum sínum á þessum síðustu og verstu tímum? Eða eigum við að trúa því sem fjölmilaðar segja af eigendum sínum og sitja enn uppi með alla þá sem víxluðu í bönkum og virðast njóta friðhelgi af hálfu stjórnmálamanna?

Steingrímur Rúnar ásamt sköpunarverkum sínum.

# Brúðugerðin heillar en læt brúðuleikinn vera

Steingrími R. Guðmundssyni er margt til lista lagt. Hann hefur haldið uppi stuði einn síns liðs á ölkelduhúsum Vestfirðinga síðastliðin ár og er einstaklega fær teiknari. Steingrímur, oftast kallaður Denni, er mikill grúskari og þannig úr garði gerður, að sjái hann einhvern hlut sem honum finnst sniðugur en veit ekki hvernig virkar, þá verður hann að komast að því hvernig hann virkar og hver sagan er á bak við hann.

Þannig má útskýra eitt áhugamál sem hann hóf að sinna fyrr á þessu ári. Hann byrjaði að búa til brúður. Mörgum þótti það undarlegt háttalag hjá Denna en ástæðuna segir hann vera að hann hafi alltaf haft mjög gaman af brúðum þegar hann var yngri og þá sérstaklega Prúðuleikurunum. Hann hafi langað að vita hvernig ætti að gera þannig brúður og hófst handa í febrúar á þessu ári.

Blaðamanni BB lék forvitni á að vita meira um þetta áhugamál Denna og sótti hann heim í Stórholt 7 á Ísafirði og ræddi við hann um brúðugerð og þessa skemmtilegu fróðleiksfýsn hans. Þegar inn var komið á heimili hans bauð hann mér sæti í stofusófanum og á móti okkur stóðu brúðurnar hans. Vökul auga þeirra hvíldu á okkur er við spjölluðum saman um það hvernig skapari þeirra (Denni) bjó þær til, þó ekki á einum degi líkt og sá stóri.

– Jæja, Denni. Hvert var fyrsta skrefið þitt í brúðugerðinni?

„Ég saumaði fyrstu brúðuna mína í febrúar á þessu ári. Aðdragandi þeirrar brúðu var samt mjög langur. Ég hafði kynnt mér brúðugerð á netinu í þrjá mánuði áður en aldrei hellt mér almennilega út í verkið. Ég hef haft áhuga á svona brúðum síðan ég var lítill púki. Þá horfði ég mikið á Prúðuleikarana. Svo blundaði þessi brúðugerð lengi í mér. Eftir að hafa kynnt mér brúðugerð í allan þennan tíma ákvað ég svo að hella mér út í þetta verk eins og fyrr segir í febrúar.“

– Á hverju byrjarðu áður en þú saumar svona brúðu? Hvert er fyrsta verkið?

„Ég byrja á því að rissa upp brúðu á efnið sem ég ætla að nota. Maður þarf ekki að vera sérstaklega góður teiknari til að gera það. Ég fer eftir leiðbeiningum sem ég fann á netinu. Ég notast við flísefni í grunninn og klippi síðan brúðuna út úr því. Svo er hún troðin með tróð og svampi. Ég kaupi mikið af efninu í Rúmfatalagernum og ýmsum föndurbúðum. Alvöru brúðugerðarmenn kaupa sér sérstakt brúðuflísefni og lita það sjálfir í höndum.“

– Er brúðgerðin dýrt áhugamál?

„Svampurinn er frekar dýrt efni keypt út úr búð. Flísefnið er frekar ódýrt, en svona loðið efni eins og Dýri er saumaður úr er frekar erfitt að nálgast. En að öðru leyti myndi ég ekki kalla þetta dýrt áhugamál.“

– Hvað varstu lengi að gera fyrstu brúðuna?

„Ég var þrjár klukkustundir að gera fyrstu brúðuna. Ég gæti verið eitt kvöld að gera svona brúðu ef maður fengi nægan tíma í það.“

– Varstu öflugur í handmennt í grunnskóla?

„Nei, ég get ekki sagt það. Ég var t.d. alveg hrikalegur í smíðum þegar ég var yngri. Ég fór aldrei í saumatíma í grunnskóla og hafði aldrei sest við saumavél þegar ég hóf vinnu við fyrstu brúðuna.“

– Hvernig gekk þá saumaskapurinn?

„Sæunn konan mín kenndi mér á saumavélina. Mig minnir samt að tengdó hafi saumað fyrstu brúðuna mína og ég hafi síðan púslað henni saman.“

– Ertu þá byrjaður að sauma sjálfur núna eða situr tengdó ennþá sveitt við vélina?

Denni hlær. „Nei það er ekki svo. Ég sauma allt sjálfur núna. Hún hjálpaði mér aðeins við að byrja og ég var mjög þakklátur þeirri hjálp.“

– En þegar þú rissar upp brúður, ertu þá með vissan karakter í huga eða byrjarðu bara að teikna og sérð svo til?

„Ég er farinn að búa til ákveðna karaktera núna já. Ég er t.d. að taka þátt í brúðugerðarkeppni á netinu og þurfti að vinna út frá ákveðnu þema, sem var „Outer Space“. Ég þurfti að teikna karakter og gera sögu á bak við hann. Ég gerði því þríeygða geimveru sem fékk nafnið Galdur. Þetta er poppstjarna sem var á tónleikaferðalagi um geiminn með hljómsveit sinni sem heitir Stardust. Þeir spiluðu síðan á tónleikum á Jörðinni og duttu svona svakalega í það eftir þá. Galdur gleymdist á fylliríinu og varð eftir á jörðinni.“

– Það er svolítill Björn Jörundur í honum, eða?

Denni hlær. „Já, gott ef ekki. Hann er því fastur á jörðinni og kemst ekki heim. Hann er því núna að leita sér að mennskri konu og er frekar einmana. Einn af dómurum keppninnar er einn af mínum uppáhalds brúðugerðarmönnum. Hann býr í Ástralíu og ég spjalla svolítið við hann um brúðugerð á netinu.“

## Jim Henson guðfaðir brúðugerðarinnar

– Hver er talin besta brúðugerðin? Eru Prúðuleikarar Jims Hensons úrvalsdeildin í brúðugerð?

„Jim Henson byrjaði á þessu og hann er guðfaðir brúðugerðarinnar í því formi sem ég er að vinna. Kermit var fyrsta brúðan sem hann saumaði. Jim saumaði fyrstu útgáfuna af Kermit úr grænni kápu sem móðir hans átti og augun eru búin til úr borðtenniskúlum.“

– Hvernig fannst þér brúðugerðin í Búbbunum alíslensku?

„Hún var ágæt. Ég hins vegar setti mig í samband við einn af mönnunum sem sáu um brúðurnar í þeim þáttum. Stór hluti af brúðunum í Búbbunum voru að láni frá Bandaríkjunum og þetta var því ekki íslensk brúðugerð.“

– Eru margir á Íslandi í brúðugerð?

„Nei, það held ég nú ekki. Helga Stephensen er með Brúðubílinn og svo hafði einn sautján ára strákur samband við mig fyrir sunnan. Hann hringdi í mig í sumar og kynnti sig sem sautján ára brúðugerðarmann á Suðurnesjunum. Ég hélt að hann væri að fíflast í mér en svo var ekki. Við spjölluðum mikið um brúðugerð og hann var um daginn með brúður í Stundinni okkar.“

– Það hefur enginn sett sig í samband við þig og beðið þig um að gera brúður fyrir einhvern þátt?

„Nei, en strákurinn á Suðurnesjunum hefur beðið mig um einhverjar ráðleggingar um brúðugerð sem hann er t.d. að gera fyrir jóladagatalið og ég hef lánað honum ýmis form.“

– Hefðir þú áhuga að taka að þér svoleiðis verkefni?

„Ég get ekki neitað því að það yrði svolítið spennandi. Það yrði skemmtilegra að gera brúðurnar út frá einhverju skemmtilegu verkefni heldur en að gera bara einhverja karaktera út í loftið. Ég fékk nú beiðni um daginn frá stelpu á netinu. Hún spurði mig hvort ég gæti gert eftirlíkingu af mömmu hennar.“

– Ætlar þú að gera það?

Denni hlær. „Ég hef ekki tekið ákvörðun um það ennþá.“

– Hefur alltaf blundað í þér þessi hönnunarþörf?

„Aðallega þessi skrípógerð. Ég var alltaf að teikna þegar ég var lítill og gerði teiknimyndasögur. Ég tel þessa brúðugerð vera framlengingu á teiknþörfinni.“

– En nú finnst mörgum vinum þínum og ættingjum þú hafa byrjað á þessu allt í einu og kom frekar flatt upp á þá.

„Það blunda í mér alls konar dellur. Ef ég hefði allan tíma heimsins, þá væri ég búinn að búa til eitthvert brúðuleikrit á netinu ef ég hefði hugmyndaflug til að gera söguþráð. Ég var svo lengi að skoða hvernig brúðurnar eru búnar til. Ég hafði aðallega áhuga á því. Fyrst ætlaði ég bara að vita hvernig þetta er búið til en svo langaði mig að prófa að gera eina sjálfur. Ég henti því í eina brúðu og eftir hana var ég kominn með nóg og ætlaði ekki að gera meira. Svo fór ég að eiga í samskiptum við brúðugerðarfólk á netinu og sá að það var hægt að gera miklu meira í brúðugerðinni. Allar brúðurnar sem ég hef gert eru mismunandi afbrigði af brúðum.“

– Hvað sagði fólk þegar þú byrjaðir á brúðugerðinni?

„Ég var svolítið inni í skápnum með þetta áhugamál mitt fyrst. Svo þegar fólk fór að komast að þessu, þá fór það að hnýta í mig og spyrja hvort ég væri að sauma dúkkur. Ég var fljótur að leiðrétta – þetta væru ekki dúkkur, þetta eru brúður,“ segir brúðugerðarmaðurinn Denni og hlær.

*– birgir@bb.is*

# Komu langa leið til að sjá sýningu um ömmu sína

**Einar og Sveinn Gústavsson ætluðu að færa Guðfinnu Hreiðarsdóttur sýningarhönnuði og rithöfundi blómvönd en eiginmaður hennar Halldór Halldórsson tók við honum í hennar fjarveru.**

Sonarsynir skáldkonunnar Hallfríðar Eyjólfsdóttur frá Laugarbóli í Ísafjarðardjúpi heimsóttu sýninguna um ömmu sína á Ísafirði en þeir höfðu komið langa leið til að berja hana augum. „Við vissum ekki af sýningunni fyrr en ég fékk póst frá Kristjáni (Jóhannssyni á Ísafirði innskot blaðamanns) en ég bý í New York og bróðir minn í Reykjavík. Við ákváðum að koma og sjá hvað um væri að ræða“, segir Einar Gústavsson sem ásamt bróður sínum Sveini, er hæstánægður með sýninguna. „Sýningin hafði djúpstæð áhrif á okkur og hún er ákaflega vel unnin og öllum sem að henni koma til sóma. Ekki fer heldur ónotalega um sýninguna í þessari einstaklega fallegu umgjörð sem Safnahúsið er“, bætir Einar við.

Bræðurnir ætluðu að færa Guðfinnu Hreiðarsdóttur, sýningarhönnuði og rithöfundi, blómvönd en eiginmaður hennar Halldór Halldórsson tók við honum í hennar fjarveru. Þá var þeim einnig afhend eintök af bókinni „Svanurinn minn syngur“ sem fjallar um ömmu þeirra. „Við sáum einnig ljóð eftir hana sem er eins og skrifað fyrir Íslendinga í dag sem sýnir hversu mikill „visjóner“ hún var“, segir Einar.

*– thelma@bb.is*

# Mannlífið

## Styttist í tendrun jólaljósa í Ísafjarðarbæ

Menningamálanefnd Ísafjarðarbæjar hefur lagt fram drög að dagskrá vegna tendrunar jólaljósa í sveitarfélaginu fyrir komandi jól. Reiknað með að atburðirnir hefjist kl. 16 að jafnaði, en tímasetningar geta hugsanlega breyst að höfðu samráði við heimaaðila á hverjum stað. Endanleg dagskrá verður síðan auglýst með góðum fyrirvara. Dagsetningarnar eru sem hér segir; ljósin verða tendruð á Ísafirði á laugardaginn 29. nóvember sem er fyrsta helgin í aðventu og á Suðureyri daginn eftir eða sunnudaginn 30. nóvember. Á Flateyri verða ljósin kveikt á jólatrénu 6. desember og á Þingeyri 7. desember. Unnið verður áfram að frekari skipulagningu á hverjum stað fyrir sig og rætt við þá aðila er koma að tendrun jólaljósa í Ísafjarðarbæ.

## Smáauglýsingar

**Óska eftir atvinnu. Er 21 árs og er með meirapróf. Upplýsingar í síma 865 6782.**

**Jólakort Krabbameinsfélagsins Sigurvonar fást í Húsasmiðjunni, Blómabúðinni, Birki ehf., Hafnarbúðinni, Office 1 og hjá Samkaup í Bolungarvík, Víkurbúðinni í Súðavík og hjá N1 á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Einnig er hægt að panta jólakortin í símum 456 5650 eða 897 5502.**

**Fjögurra manna fjölskylda óskar eftir einbýlushúsi eða raðhúsi á Ísafirði eða í Bolungarvík eða Súðavík. Leiguskipti á einbýlishúsi í Garðabæ koma til greina. Uppl. í síma 862 8219 eða á netfanginu eru@hi.is.**

**Til sölu eru fjórar 16" stálfelgur. Uppl. í síma 456 3598.**

**Óska eftir sýningartjaldi fyrir slidemyndir. Uppl. í síma 895 1633.**

**Fyrirhugað er að æfa skylmingar og annað svopnaskak í húsnæði Knapaskjóls á Söndum í Dýrafirði. Jafnt fyrir konur sem karla 16 ára og eldri. Uppl. hjá Valda í síma 861 3267.**

**Aðalfundur LL verður haldinn í sal Edinborgarhússins laugardaginn 29. nóvember nk. Öll venjulega aðalfundarstörf.**

**Óska eftir nagladekkjum, 195x 65, 15". Uppl. í síma 897 4283.**

**Eldri borgarar! Bingó þriðjudaginn 2. desember kl. 14 í Safnaðarheimilinu á Ísafirði.**

**Til sölu eða leigu er íbúð á Hlíf 2 á Ísafirði. Uppl. í síma 899 6424.**

## Hundrað ára aldursmunur

Myndardrengur fæddist á Ísafirði á aldarafmæli Herdísar Albertsdóttur á miðvikudag í síðustu viku og af því tilefni voru afmælisbörnin myndu saman. Að sögn Kristjönu Sigurðardóttur, barnabarns Herdísar, var amma hennar afar ánægð með að hitta barn sem er nákvæmlega 100 árum yngri en hún. Eins og greint hefur verið frá fagnaði Herdís, eða Dísa á Bökkunum eins og hún er þekkt í daglegu tali, ærlega upp á afmælið. Að veislu lokinni skellti hún sér upp á fæðingardeild og heimsótti nýfæddan piltinn. Foreldrar drengsins eru Ólafur Ragnar Hjálmarsson og Þóranna Þórarinsdóttir í Bolungarvík.

## Spurning vikunnar

**Tapaðir þú miklum fjármunum á hruni bankanna?**

**Alls svöruðu 741.**
**Já sögðu 263 eða 35%**
**Nei sögðu 478 eða 65%**

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

# Nakinn Heimir Már

Ísfirðingurinn Heimir Már Pétursson er einna helst þekktur sem fjölmiðlamaður og stjórnmálafræðingur. Einnig hefur hann verið framkvæmdastjóri hátíðarinnar Hinsegin dagar sem vekur mikla athygli ár hvert og dregur tugþúsundir manna í miðbæ Reykjavíkur til að berja dýrðina augum og fagna með samkynhneigðum. Hann á sér þó einnig ljóðræna hlið og hefur nú gefið út fjórðu ljóðabókina sína sem ber heitið Nakinn.

Bókin kom formlega út þann 15. nóvember sem er afmælisdagur föður hans, og segir Heimir gott að velja einhvern dag sem auðvelt er að muna. Bæjarins besta heyrði í ljóðskáldinu þegar bókin var nýkomin úr prentvélunum.

– Þetta er fimmta ljóðasafnið þitt ekki satt?

„Þetta er fimmta ljóðasafnið en fjórða ljóðabókin þar sem síðasta ljóðasafnið sem ég gaf út var í dagblaðaformi. Það voru átta síður með ljóðum, fyrirsögnum og myndum. Síðasta bókin hét Myndbrot og kom út árið 1986 og „dagblaðið“ bar heitið Ljóður og var gefið út 1991.“

– Þannig að það er liðinn dágóður tími síðan eitthvað kom út eftir þig.

„Já, það hefur nú reyndar staðið til í allnokkurn tíma að gefa út þessa bók. Í rauninni ætlaði ég að gera það þegar ég varð fertugur. Ég sagði meira að segja gestum í afmælinu mínu að koma ekki með gjafir þar sem ég ætlaði heldur að selja þeim ljóðabókina þegar hún kæmi út. En það var fyrir sjö árum svo það hefur tekið tíma að lúra yfir þessu.“

– Hefur það fólk þá forkaupsrétt á bókinni?

Heimir Már hlær og segir. „Það er öllum í mínum stórvinahópi boðið að koma í útgáfuteitið og öllum að sjálfsögðu velkomið að kaupa bókina.“

– Er eitthvað sérstakt þema yfir bókinni eða eru þetta ljóð úr sitt hvorri áttinni?

„Þetta eru ljóð sem ort eru á löngum tíma eða frá árinu 1991 til 2007. Bæði yrki ég ekki mörg ljóð á ári og svo sit ég lengi yfir hverju þeirra. Mörg hafa tekið miklum breytingum á þeim tíma sem það hefur tekið. Svo ef það er eitthvað þema í bókinni þá myndi ég segja að það væri hverfulleiki lífsins og tímans sem er einhver þráður þarna í gegn. Það er merkilegt nokk að það eru nokkur ljóð í bókinni sem eiga mjög vel við í dag. Þrátt fyrir að vera samin löngu fyrir kreppuna ríma þau mjög vel við ástandið í þjóðfélaginu. Það er nú samt bara skemmtileg tilviljun að þannig hitti á.

Þegar fólk hefur sagt mér hvað það fái út úr ljóðunum mínum kemur í ljós það sem það sér út úr þeim er oft miklu betra ljóð en það sem ég skrifaði. Og það er bara gott. Ljóðin mín, eins og annarra, virka persónulega á hvern og einn eftir því hvar þeir eru staddir í lífinu, hvernig þeir eru stemmdir og hvað er að gerast í lífi þeirra.“

– Þannig að segja má að ljóðin þín séu innblástur fyrir aðra.

„Já, kannski þau kveiki á stöðvum í heilanum sem eru hálfsofandi og vakna upp við lesturinn. Ef þau gera það er til einhvers unnið“

### Ekki 22 ár í næstu bók

– Heimir segist hafa setið lengur við sum ljóðin en önnur.

„Upphafsljóðið og jafnframt lengsta ljóðið í bókinni heitir “Hvað man ég” og það byggir á atburðum sem gerðust í minni ætt og snertir því Ísafjörð svolítið. Það fjallar reyndar um hörmulega atburði sem gerðust á Akureyri þegar ég var barn að aldri, en ljóðið hefst á Ísafirði. Það var líklega erfiðasta ljóðið að eiga við í bókinni þar sem það tók mig langan tíma að verða sáttur og fá það í þá mynd sem það er í dag. Þetta ljóð hefur nú töluvert um það að segja hversu lengi það dróst að gefa út bókina. Það byrjaði reyndar sem lítil smásaga og endaði sem þetta ljóð. Mörg ljóðin hafa tekið breytingum í gegnum tíðina og það erfiðasta við að gefa út bók er að manni finnst maður aldrei vera búinn að fínpússa og laga sem skýrir þennan langa tíma. Svo kemur bara að þeim tímapunkti að maður hefur bara ekki um annað velja en að verða hreinlega brjálaður á því að liggja yfir þessu endalaust eða fría sjálfan sig frá því með því að gefa út. Því eftir útgáfuna er ekki hægt að laga neitt frekar. Það er því sálarhjálparatriði líka hjá mér að losna við þetta og þurfa ekki að glíma við þessa texta meira. Maður getur þá farið að snúa sér að öðru.“

–Mega aðdáendur þínir búast við jafn langri bið eftir næstu bók.

„Ég veit það ekki, 22 ár eru óneitanlega langur tími milli bóka. Og það eru 17 ár frá síðustu útgáfu þegar ljóðadagblaðið er talið með. Svo, nei. Ég verð nú orðinn ansi gamall ef ég ætla bíða svo lengi. Annars er það í sjálfu sér ekkert svo mikið sáluhjálparatriði að gefa út bækur, ljóðin koma meira til mín í daglegu lífi heldur en að ég setjist niður og ákveði að skrifa ljóð. Með því að skrifa ljóð er ég að vinna úr einhverjum tilfinningum sem hellast yfir mig á einhverjum tímapunkti í lífi mínu. Á mínum yngri árum, eins og þegar ég var menntskælingur á Ísafirði, skrifaði ég um 20-30 ljóð á mánuði en nú eru þau rétt um 3-4 á ári. Það fer bara eftir því hvað kemur út úr hugarfylgsnunum hvort að maður hafi eitthvað til þess að gefa út. En eins og ég segi, þegar maður situr svona lengi yfir hlutunum þá er þetta spurning um að halda sönsum og gefa út. Annars verður þetta eins og þraut sem aldrei endar. Maður verður því að ákveða að svarið sé komið og senda það frá sér.“

– Hvar geta Ísfirðingar og Vestfirðingar nálgast bókina?

„Hún kemur í helstu verslanir og ég vona að hún komi í allar verslanir Pennans-Eymundssonar um land allt, þar með á Ísafirði. Það skiptir mig máli að fólk í minni heimabyggð geti nálgast bókina. Nú ef fólk getur ekki nálgast hana í verslunum er fólki velkomið að slá á þráðinn, senda mér tölvupóst eða hafa samband við mig á Facebook. Ég hef yfirleitt náð að selja allar mínar bækur upp og allar gömlu bækurnar mínar eru löngu uppseldar enda gef ég þær ekki út í stóru upplagi. En þetta verður vonandi sent í dreifingu í næstu viku.“

*– thelma@bb.is*

## Viðhorf Vestfirðinga til ferðamanna kannað

Um þessar mundir er verið að kanna meðal Vestfirðinga, viðhorf þeirra til ferðaþjónustunnar. Markmið könnunarinnar er að fá að vita hvort heimamenn séu ánægðir með uppbyggingu ferðaþjónustunnar, hvort þeir vilja leggja meiri áherslu á ferðaþjónustu sem atvinnugrein á Vestfjörðum eða hvort þeir vilji leggja áherslu á einhverjar aðrar atvinnugreinar. Rannsóknin var send til eitt þúsund Vestfirðinga. Að sögn Írisar Hrundar Halldórsdóttur, sem vinnur könnunina ásamt Öldu Davíðsdóttur, hefur ekki borist nóg af svörum og hefur skilafrestur því verið lengdur til 30. nóvember. Íris hvetur þá sem lentu í úrtakinu að skila inn svörum.

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:** Ákveðin norðanátt og snjókoma eða él, en þurrt og bjart að mestu sunnanlands. Frost 1-10 stig, mildast við suðurströndina. **Horfur á laugardag:** Útlit fyrir áframhaldandi norðanátt. Él norðantil, en úrkomulítið sunnantil. Harðanandi frost. **Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir áframhaldandi norðanátt. Él norðantil, en úrkomulítið sunnantil. Harðanandi frost.

Erik Newman, Thelma Ólafsdóttir og Eiríkur Ingi Lárusson glaðbeitt á svip við opnunina.

# Opnun Monró glæsileg

**Fataverslunin Monró opnaði með pompi og prakt á Ísafirði á föstudag. Var Ísfirðingum og nærsveitungum boðið til veislu í húsnæði verslunarinnar þar sem vöruframboðið var kynnt sem og önnur þjónusta sem er í húsnæðinu. Eiríkur Ingi Lárusson var þar fyrir hönd hárstofunnar Litla klipparans og Lára Pétursdóttir en hún rekur Airbrush- og Ultratone þjónustu í húsnæðinu. Thelma Ólafsdóttir leiddi gesti og gangandi um verslunina en hún er eigandi Monró. Létu gestir vel að nýja húsnæðinu og var umtalað að almenn ánægja ríkti með að öll ljós væru aftur kveikt í húsnæðinu og rekstur hafinn þar aftur.**

*– birgir@bb.is*

# Af hverju...

Mikil umræða hefur myndast í þjóðfélaginu í kjölfar herferðar sjónvarpsstöðvarinnar Skjás eins gegn því að Ríkisútvarpið fái forskot á aðrar sjónvarpstöðvar með fjármagni frá ríkinu. Er það þó ekkert nýtt af nálinni að margir hafa verið ósáttir í gegnum tíðina að þurfa að borga afnotagjöld. Afnotagjöld eru helsti tekjustofn RÚV og er í lögum kveðið á um að öllum sem eigi viðtæki sem nýta megi til móttöku á útsendingum RÚV sé skylt að greiða afnotagjald. Á vef Alþingis kemur fram að það sé hlutverk stjórnvalda að tryggja sem kostur er að ætíð séu til staðar góðir fjölmiðlar sem uppfylli kröfur almennings um upplýsingu, fræðslu og afþreyingu, að fjölmiðlun í landinu sé samofin menningu þjóðarinnar og menningararfi, og að fjölmiðlun sé eðlilegur hluti lýðræðislegrar framvindu í samfélaginu. Á löggjafarþingi árið 2004 kom fram að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar liti enn svo á að Ríkisútvarpið væri einhver dýrmætasta sameign þjóðarinnar og treysti því betur til frétta og fróðleiks en öllum öðrum fjölmiðlum. Þá hafði Ríkisútvarpið í 74 ár (nú í 78 ár innskot blaðamanns) verið áhrifarík menningar- og uppeldisstofnun, hjálparhella í atvinnulífi til sjávar og sveita og miðill fyrir lýðræðisumræðu og afþreyingu. Einnig var þar sagt að í umhverfi þar sem velja má um margar rásir nær ríkisútvarp bestum árangri þegar það útvarpar metnaðarfullri dagskrá og þrýstir einnig á keppinautana að gera það sama.

En af hverju þurfa sjónvarps- og útvarpseigendur að borga fyrir afnota af tækjum sínum. Bæjarins besta leitaði svara og fann eftirfarandi á vef RÚV:

„Samkvæmt útvarpslögum ber eiganda viðtækis, sem nýta má til móttöku á útsendingum Ríkisútvarpsins, að greiða afnotagjald, útvarpsgjald, af hverju tæki. Þó skal aðeins greiða eitt útvarpsgjald fyrir einkaafnot fjölskyldu á heimili. Í því felst afnot af viðtækjum í einkabifreið og sumarbústað. Lögin voru sett 30. júní árið 2000.

Sjónvarps- eða útvarpsnotanda sem býr einn í leiguherbergi ber að greiða afnotagjald.

Frá 1. ágúst 2008 er afnotagjaldið 2.995 krónur á mánuði. Gjald fyrir útvarpsnotkun eina og sér er 899 krónur á mánuði. Gíróseðlar eru sendir út ársfjórðungslega. Einfaldara og þægilegra er að greiða með beingreiðslum í banka eða með boðgreiðslum krítarkorta fyrirtækjanna sem greiðist mánaðarlega. Samþykki menntamálaráðherra þarf fyrir breytingum á afnotagjaldinu.

Eiganda sem breytir afnotum sínum ber samkvæmt lögum að tilkynna breytinguna þegar í stað til Ríkisútvarpsins. Ekki má afmá tæki af skrá nema færðar hafi verið sönnur á að tækið sé ónýtt.

Ríkisútvarpinu ber samkvæmt útvarpslögum að halda skrá yfir öll viðtæki sem notuð eru hér á landi og í íslenskum skipum og flugvélum. Afnotadeildin hefur eftirlit með því að lögum og reglum sé framfylgt um tilkynningar viðtækja. Tækjaleit er hluti af því eftirliti.

Samkvæmt áliti umboðsmanns Alþingis geta starfsmenn afnotadeildar skráð afnot á heimili hafi þeir rökstuddan grun um að viðtæki sé á heimilinu og heimilisfólk neitar að sýna fram á tækjaleysi á heimilinu. Endanlega gæti þurft að láta reyna á þetta fyrir dómi.

Sé viðtæki lánað öðrum ber að greiða afnotagjald af þeirri notkun. Eðlilegt er að sá sem notar tækið greiði afnotagjaldið en samkvæmt lögum er það þó eigandi tækisins sem ber ábyrgð á því að afnotagjaldið sé greitt.

Elli- og örorkulífeyrisþegar fá 20 prósenta afslátt af afnotagjaldinu og greiða því 2.396 krónur fyrir full afnot eða 719 krónur ef einungis er um útvarpsviðtæki að ræða."

*– thelma@bb.is*

**Sælkeri vikunnar** er Barbara Gunnlaugsson á Ísafirði

# Kjúklingabringur með bananafyllingu

Sælkeri vikunnar býður að þessu sinni upp á spennandi kjúklingarétt sem felur í sér að kjúklingabringur eru fylltar af ýmis konar góðgæti og þar einna helst bönunum. Barbara mælir með að rétturinn sé borinn fram með fersku salati og hrísgrjónum. Eftirrétturinn er einkar auðveldur en það er vanilluís með heitri hindberjasósu.

**Kjúklingabringur með bananafyllingu**

4 kjúklinga bringur
2 bananar skornar í teninga
2 bananar skornar í þykkar sneiðar
50g gonzola ostur
3 rauðar paprikur skornar í sneiðar
3 gráfikjur skornar í litla bita
2 msk. saxaður rósmarin
2 msk. ólífuolíu
1 msk. hunang
Salt og pipar

*Fylling:*

Blandið saman bananabitum, gráfíkjum, 1 msk. rósmarin og osti. Kryddið með salti og pipar eftir smekk. Setjið fyllinguna í bringurnar og lokið vösunum með tannstönglum.

**Aðferð**

Skerið vasa í bringurnar. Steikið fylltar bringurnar vel á báðum hliðum upp úr olíu. Smyrjið steiktu bringurnar með hunangi og setjið í fat. Hitið smá olíu og léttsteikið bananana ásamt paprikunni.

*Eftirréttur:*

**Vanilluís með hindberjasósu**

1 pk. hindber frosin

Setjið hindberin og 2 msk. af hrásykri í pott. Sjóðið í smá tíma. Setjið heita sósuna í botninn á skálinni. Svo skal setja tvær ískúlur í skálina og sprauta jurtarjómanum ofan á.

*Ég skora á Nanný Ornu Guðmundsdóttur og Rúnar Óla Karlsson á Ísafirði að draga fram matreiðslubækurnar og koma með uppskrift í næsta blað.*

## Þakkir

Ég vil þakka öllu því fólki sem glöddu mig á 100 ára afmælisdegi mínum þann 19. nóvember með heimsóknum og góðum kveðjum.

Sérstaklega þakka ég fjölskyldu minni og starfsfólki Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ ómetanlega aðstoð. Megi algóður Guð gefa ykkur gleðilega jólahátíð.

Með bestu kveðjum,
Herdís Alberts, Ísafirði.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða aðstoðar og leiðbeinir einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum í hugmyndavinnu, nýsköpun og atvinnuþróun og beinir hugmyndum þeirra og verkefnum í viðeigandi farveg innan þeirrar virðiskeðju sem félagið og hagsmunaaðilar þess starfa innan.

atvest
ÞRÓUN & RÁÐGJÖF

# TAKK

Kæru Vestfirðingar, takk fyrir mjög góðar viðtökur við breyttum áherslum og útliti Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Framundan eru mjög kerfjandi tímar þar sem frumkvæði og nýsköpun verða lykilorð en við skulum samt ekki gleyma þeim mikilvægu verkefnum sem þegar eru í gangi í atvinnulífi á Vestfjörðum.

Við þurfum öll að leggja okkur fram við að efla samstöðu og samvinnu milli atvinnugreina, fyrirtækja og einstaklinga og styrkja þannig atvinnulíf á Vestfjörðum.

Kær kveðja,
Stjórn og starfsfólk ATVEST.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða | Sími 450 3000 | Fax 450 3005 | atvest@atvest.is | www.atvest.is
Árnagata 2-4 , 400 Ísafjörður | Aðalstræti 5 , 450 Patreksfjörður | Höfðagata 3 , 510 Hólmavík